FRÉTTABLAÐIÐ
187. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 10. ÁGÚST 2018

# Mirjam greiðir fyrir sigurinn með frelsi sínu

**Mirjam hafði betur gegn Útlendingastofnun og var síðan boðuð í fangelsi. Hún fann ástina á Íslandi.**

**FANGELSISMÁL** „Ég skil ekki hvernig sigur minn hjá kærunefnd útlendingamála hefur svona ótrúlega neikvæð og afdrifarík áhrif fyrir mig.“ Þetta segir Mirjam Van Twuijver sem hefur verið boðuð aftur til afplánunar í fangelsi eftir tæpa þrjá mánuði í rafrænu eftirliti.

Ástæða boðunarinnar er sigur sem hún vann í máli gegn Útlendingastofnun, sem hafði vísað henni úr landi og úrskurðað hana í 20 ára endurkomubann til Íslands á grundvelli ákvæða útlendingalaga um heimild til brottvísunar EES-borgara ef framferði viðkomandi felur í sér alvarlega ógn gagnvart grundvallarhagsmunum samfélagsins. Að mati kærunefndarinnar er Mirjam hins vegar ekki talin líkleg til að fremja afbrot að nýju og felldi nefndin því úrskurð Útlendingastofnunar úr gildi.

Í kjölfar þessa sigurs fékk Mirjam bréf frá Fangelsismálastofnun um boðun í fangelsi að nýju. Var henni veittur tveggja sólarhringa frestur til að mæta til afplánunar.

Í röksemdum Fangelsismálastofnunar fyrir hinni breyttu ákvörðun segir að forsendur reynslulausnar séu brostnar, en í lögum um fullnustu refsinga er heimilt að veita reynslulausn eftir helming afplánunar hafi Útlendingastofnun tekið ákvörðun um brottvísun viðkomandi að afplánun lokinni. Mirjam þurfi því að ljúka afplánun á tveimur þriðju hlutum refsingarinnar. Að óbreyttu verður Mirjam því í fangelsi til 5. september 2020, þar af 249 daga í rafrænu eftirliti.

Lögmaður Mirjam óskaði strax eftir fresti á boðuninni með þeim rökum að úrskurðurinn sé mjög íþyngjandi fyrir Mirjam og mjög mikill vafi sé uppi um lögmæti hans. Verður úrskurðurinn kærður til dómsmálaráðuneytisins en Mirjam segist munu fara eins langt og hún þurfi til að fá niðurstöðunni hnekkt.

> **Við hjónin getum búið hvar sem er, en það felst svo mikil frelsisskerðing í því fyrir okkur að geta ekki heimsótt Ísland.**
>
> Mirjam Van Twuijver



Mirjam kynntist íslenskum manni meðan á afplánun hennar stóð. Þau hafa nú verið gift í tvö ár og búa á Akranesi.

„Ástæða þess að ég kærði ákvörðun Útlendingastofnunar er ekki bara sú að mér hafi verið vísað úr landi heldur aðallega vegna endurkomubannsins. Við hjónin getum búið hvar sem er en það felst svo mikil frelsisskerðing í því fyrir okkur að geta ekki heimsótt Ísland í áratugi, ekki síst vegna foreldra mannsins míns og fjölskyldu hér á landi,“ segir Mirjam.

Mirjam var dæmd til átta ára fangelsisvistar af Hæstarétti eftir stórfellt fíkniefnasmygl í febrúar 2016. Með dómi sínum mildaði Hæstiréttur refsingu héraðsdóms sem dæmt hafði Mirjam til 11 ára fangelsisvistar.

Dómur héraðsdóms vakti mikla athygli enda með allra þyngstu dómum sem fallið hafa í fíkniefnamálum hér á landi og sá allra þyngsti sem fallið hefur gegn burðardýri eins og Mirjam.

Mirjam sat í fangelsi frá því hún var handtekin í apríl 2015 til 22. maí 2017, þar af í gæsluvarðhaldi í tíu mánuði.

Hún var á áfangaheimilinu Vernd frá 22. maí 2017 til 19. maí síðastliðins og hefur afplánað með ökklaband síðan. **– aá**



**Hvergerðingurinn Aisha var í óðaönn að gróðursetja blóm skammt frá Skyrgerðinni þegar ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á hana í gær. Bæjarhátíð Hveragerðis, Blómstrandi dagar, hefst í næstu viku og er meðal annars keppt um best skreyttu götuna. Að auki fer fram fjöldi menningar- tónlistarviðburða.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Arnór Dan gefur út sitt fyrsta lag

**TÓNLIST** Arnór Dan Arnarson, söngvari í Agent Fresco, gefur út sitt fyrsta lag í dag sem heitir Stone by Stone. Þar að auki er hann að skipuleggja Evróputúr og næstu plötu hljómsveitarinnar.

„Við í Agent Fresco erum að fara í Evrópuferð í september ásamt tveimur norskum hljómsveitum. Ný plata fer svo vonandi í tökur skömmu eftir túrinn en það er mikið af pælingum í gangi en hún er á réttri leið og verður mjög sérstök – ég lofa því.“ **– bb /**



sjá síðu 26

## Munu geta fylgst með í rauntíma

**FISKVEIÐAR** Eftirlitsmenn Fiskistofu munu geta fylgst með veiðum og vinnslu afla í rauntíma með rafrænu myndavélakerfi sem öll fiskveiðiskip skulu hafa um borð. Þetta kemur fram í drögum að frumvarpi sem nú er í umsagnarferli.

„Stefnan í grunninn er sú að auka tiltrú á fiskveiðistjórnunarkerfinu,“ segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri Sjómannasambandsins segir að í fljótu bragði legðist sambandið ekki gegn frumvarpinu. „Við teljum að Fiskistofa þurfi heimildir til að geta haft eftirlit. Það er engin ástæða til annars en að stofnunin hafi öll þau gögn og öll þau tæki til þess að sannfæra sig um að það sé rétt vigtað og rétt gefið upp.“ **– tfh**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ásmundur Einar Daðason ráðherra skrifar um Hinsegin daga. 8

**SPORT** Boltinn byrjar að rúlla í Leikhúsi draumanna á Englandi í kvöld. 10

**TÍMAMÓT** Elín Halldórsdóttir söngkona, píanóleikari og tónmenntakennari hefur gefið út lagið The #metoo song eða #metoo lagið. 14



**MENNING** Tónleikhússýning í Hóladómkirkju. 20

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ENSKI BOLTINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12




Actavis

HVÍTA HÚSIÐ / Actavis 711020

HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

## Veður




Hægur vindur eða hafgola og léttskýjað með köflum, en í innsveitum norðaustanlands má búast við skúrum á stöku stað síðdegis. Sunnan 3-8 m/s og heldur meira skýjað á Suðvestur- og Vesturlandi.

SJÁ SÍÐU 16



**Mikill viðbúnaður var á Reykjavíkurflugvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Nauðlenti vegna bilunar í hreyfli

**SAMGÖNGUR** Bombardier-vél Air Iceland Connect varð að nauðlenda á Reykjavíkurflugvelli skömmu eftir flugtak þegar annar hreyfill vélarinnar stöðvaðist. Lendingin gekk vel og farþega og áhöfn sakaði ekki.

Vélin var nýfarin í loftið á leið til Egilsstaða þegar bilunarinnar varð vart. Farþegum var komið í nýja vél og flogið á áfangastað. Atvikið er til rannsóknar hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa. **– jóe**

# Frelsinu fagnað



**Frelsinu var fagnað á opnunarhátíð Hinsegin daga í Háskólabíói í gær; frelsinu til að elska, frelsinu til að ráða yfir eigin líkama, og frelsinu til að láta drauma sína rætast óháð kynhneigð, kyngervi og kyni. Andrea Gylfadóttir og Hinsegin kórinn sungu Somewhere over the rainbow. Hinsegin dagar standa þangað til á sunnudaginn og sem fyrr er dagskráin fjölbreytt. Hápunkturinn er sem fyrr gleðigangan á laugardaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Eitt hundrað milljóna króna framúrakstur á Þingvöllum

**STJÓRNSÝSLA** Framkvæmdir við nýbyggingar þjóðgarðsins á Þingvöllum á Hakinu voru í lok maí komnar um 70 milljónir króna fram úr kostnaðaráætlun. Sýningarkostnaður hækkaði um 30 milljónir.

Einar Á. Sæmundsen þjóðgarðsvörður fór yfir stöðu framkvæmdanna á síðasta fundi Þingvallanefndar sem var 30. maí. „Framkvæmdir við anddyri eru að klárast og sýningarsalur í undirbúningi. Hefja á framkvæmdir við hellulögn utanhúss á næstu vikum,“ segir í fundargerð nefndarinnar.

Helstu skýringar á framúrkeyrslunni í kostnaðinum eru sagðar magnbreytingar í steypu og jarðvegsvinnu, meira eftirlit hjá Framkvæmdasýslu ríkisins og aukinn hönnunarkostnaður eftir að áætlun lauk.

Þá segir að kostnaður við sýningu hækki úr 320 milljónum í um 350 milljónir. „Þar koma til viðbætur í þremur sýningaratriðum, viðbætur við hljóðvist og frágangur við rafmagn.“ Þjóðgarðsvörður benti sérstaklega á að sýningin muni skila tekjum á næsta ári. **– gar**



**Mikið og gott útsýni er yfir Þingvelli af Hakinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þrítugasta Íslandsför kennara á níræðisaldri

**Sem fátækur bóndasonur í Sviss dreymdi Florian Rutz alltaf um að ferðast um norðurslóðir. Nú er þessi fyrrverandi kennari á níræðisaldri og að heimsækja Ísland í þrítugasta sinn. Safnaði sér fyrir sinni fyrstu ferð fyrir fjörutíu árum.**

**MANNLÍF** „Ég þekki Ísland betur en Sviss,“ segir hinn 82 ára gamli Svisslendingur Florian Rutz sem að öðrum samlöndum sínum ólöstuðum er vafalaust einn mesti Íslandsvinur þeirra allra. Hann er staddur hér á landi í sinni þrítugustu heimsókn en ástarsamband hans við land og þjóð hófst fyrir rúmum fjórum áratugum. Síðan þá hefur hann snúið aftur reglulega og kveðst hafa séð hér flestallt það sem markvert er að sjá og gott betur að ferðalögum sínum.

„Fyrsta heimsókn mín til Íslands var árið 1975. Þá var ég 39 ára gamall og átti loks næga peninga til að ferðast. Það hafði alltaf verið draumur minn að ferðast á norðurslóðum. Svisslendingar halda vanalega suður á bóginn en Ísland og Grænland höfðuðu alltaf til mín. Fólk sagði að ég væri óður að vilja ferðast til Íslands,“ segir Florian í samtali við Fréttablaðið sem hitti á hann í Reykjavík í gær þar sem hann var að koma úr ferð í Hvalfjörðinn ásamt leiðsögumanni og hópi samlanda sinna.

Florian er bóndasonur úr fjöllum Sviss þar sem hann ólst upp við mikla fátækt. Hann segist þó hafa verið það heppinn að hafa getað farið í nám og útskrifast sem kennari, um árabil hafi hann safnað fé til að geta ferðast á norðurslóðir. En af hverju að heimsækja Ísland aftur og aftur? Hvað er það við landið sem svo heillar hann?

„Ég sá landslagið, eldfjöllin og jöklana og hafði mikinn áhuga á þessu. Svo vil ég fara aftur á staði sem ég þekki,“ segir Florian sem kveðst aðspurður ekki hafa heimsótt neitt annað land jafnoft og Ísland. Grænland hafi hann heimsótt í fjórgang og telur hann að hann þekki nú betur til á Íslandi en í heimalandinu.



**Florian Rutz hefur komið til Íslands þrjátíu sinnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég hef dvalið hér á Íslandi í 550 daga í það heila og kannski séð meira af Íslandi en margir Íslendingar.
>
> Florian Rutz

„Ég hef dvalið hér á Íslandi í 550 daga í það heila og kannski séð meira af Íslandi en margir Íslendingar. Áður fyrr vorum við mikið í tjöldum á ferðalögunum og fórum bara þangað sem veðrið var gott, mikið um hálendið,“ segir Íslandsvinurinn Florian og sýnir blaðamanni kort sem sýnir skrásetningu hans á dvalarstöðum og ferðalögum víðs vegar um landið.

Þegar hann starfaði sem kennari sneri hann svo að eigin sögn ávallt aftur klyfjaður ljósmyndum til að sýna nemendum sínum. Þetta ríflega fjögur þúsund mynda safn hafi, að hans sögn, kveikt áhuga nemendanna á Íslandi og þeir hafi margir hverjir heimsótt landið síðan. **mikael@frettabladid.is**






HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum Auris, hvort heldur með bensínvél eða í Hybrid útfærslu sem hleður sig sjálf í akstri. Lífgaðu upp á daginn með fararskjóta sem skartar ríkulegum staðalbúnaði og tekur sig jafn vel út að innan og utan. Láttu hjartað ráða för í sumar.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum.**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni** Kauptúni 6 | **Toyota Akureyri** Baldursnesi 1 | **Toyota Reykjanesbæ** Njarðarbraut 19 | **Toyota Selfossi** Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á akstурstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# MAST varar við brennsluefni

**HEILBRIGÐISMÁL** Matvælastofnun (MAST) varar við notkun á fitubrennsluefninu DNP. Í tilkynningu frá MAST segir að efnið sé að finna í fæðubótarefni sem notað er í megrunartilgangi.

Efnið hefur valdið að minnsta kosti 13 dauðsföllum í Bretlandi síðan 2015 og einu í Þýskalandi. Sala DNP í gegnum netið hefur færst í aukana undanfarið. Í tilkynningu MAST segir að DNP njóti vinsælda meðal fólks sem stundar vaxtarrækt en einnig er vitað að efnið er notað af einstaklingum sem þjást af átröskun o.

MAST hvetur fólk til að kaupa ekki vörur sem innihalda DNP enda geti þær verið mjög hættulegar heilsu fólks. Verði fólk þess vart að efnið sé selt er það hvatt til að tilkynna það til stofnunarinnar. **– khn**



Stekkur á ríflega 53 prósenta hlut í Securitas. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stekkur hagnast um 126 milljónir

**VIÐSKIPTI** Félag í eigu Kristins Aðalsteinssonar fjárfestis hagnaðist um tæpar 126 milljónir króna á síðasta ári, að því er fram kemur í ársreikningi Stekks fjárfestingafélags.

Þyngst vó söluhagnaður hlutabréfa upp á 147 milljónir króna en hlutdeild fjárfestingafélagsins í hlutdeildarfélögum var jákvæð um 57 milljónir. Heildareignir félagsins námu ríflega 1.204 milljónum króna í lok síðasta árs og var eigið fé þess tæpar 90 milljónir.

Félag Kristins fer meðal annars með 53 prósenta hlut í Securitas og 45 prósenta hlut í Límtré Vírnet en hlutirnir voru metnir á samtals um 797 milljónir í lok síðasta árs. **– kij**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

# Ummæli Jóns Vals bæta fjárhag Samtakanna ’78

**SAMFÉLAG** „Það er kominn inn svolítill aur vegna þessa og það er bara gaman að því. Síðan er líka hægt að benda fólki á að öllum er velkomið að vera í samtökunum, óháð því hvort það er hinsegin eða ekki, ef það tekur þátt í baráttunni,“ segir Daníel Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna ’78.

Í gær fór á flug klippa þar sem Jón Gnarr les ummæli Jóns Vals Jenssonar, virks í athugasemdum, með rödd Fóstbræðra-karaktersins Indriða. Ummæli Jóns Vals sneru að því hve mikið það hefði kostað að mála Skólavörðustíginn í litum regnbogafánans. Uppátæki borgarstjórans fyrrverandi vakti lukku og benti hann þeim sem það vildu á að styrkja samtökin.

„OG HVERJIR BORGA ÞETTA? VIÐ, gagnkynhneigðir foreldrar!!!“ ritaði Jón Valur meðal annars.

„Náttúrulega ekkert af því sem Jón Valur segir þarna er rétt. Það var skemmtilegt að heyra Indriða lesa þetta enda textinn bull,“ segir Daníel. „Ég veit ekki hvort hann hefur setið hinsegin fræðslu en við tökum honum fagnandi. Það er okkar hlutverk að fræða, stuðla að þróun og standa fyrir hinsegin baráttu. Jón Valur og fleiri hafa sýnt fram á að enn er nauðsyn á henni.“ **– jóe**




**Daníel Arnarsson segir Samtökin ’78 taka öllum fagnandi sem styðja málstað þeirra óháð því hvort fólk sé hinsegin eður ei.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fiskveiðar verði vaktaðar af eftirlitsmönnum í rauntíma

Drög að frumvarpi kveða á um að starfsfólk á vegum Fiskistofu geti haft myndavélaeftirlit í rauntíma með fiskveiðum. Í öllum skipum sem stunda veiðar í atvinnuskyni yrði skylt að setja upp virkt myndavélakerfi. Frumvarpið er enn í umsagnarferli og engin endanleg mynd er komin á það að sögn sjávarútvegsráðherra.

**SJÁVARÚTVEGUR** Eftirlitsmenn Fiskistofu munu geta fylgst með veiðum og vinnslu afla í rauntíma með rafrænu myndavélakerfi sem öll fiskveiðiskip skulu hafa um borð. Þetta kemur fram í drögum að frumvarpi sem nú er í umsagnarferli. Kristján Þór Júlíusson ráðherra segir að markmiðið sé að auka tiltrú á fiskveiðistjórnunarkerfinu en of snemmt sé að segja til um hvernig endanleg mynd frumvarpsins verði.

Um er að ræða breytingar á lögum um stjórn fiskveiða annars vegar og lögum um Fiskistofu hins vegar. Samkvæmt frumvarpsdrögunum skulu öll skip sem stunda veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands hafa um borð virkt, rafrænt myndavélakerfi, sem fylgist með veiðum og vinnslu afla.

Í eftirlitsskyni skulu starfsmenn Fiskistofu hafa aðgang að vöktunarkerfunum. Þannig hafa þeir aðgang að myndavélum í löndunarhöfnum, hjá vigtunarleyfishöfum og um borð í þeim skipum sem skylt er að hafa slíkan myndavélabúnað. Jafnframt skulu starfsmenn Fiskistofu hafa aðgang að rafrænum upplýsingum um niðurstöðu vigtunar með tengingu við vigtarbúnað vigtunarleyfishafa.

„Stefnan í grunninn er sú að auka tiltrú á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Sem betur fer hefur hún vaxið en annað slagið fáum við upplýsingar um það að afla sé landað fram hjá og öll þekkjum við umræðuna um brottkastið,“ segir Kristján Þór Júlíusson, ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar.

Kristján segir erfitt að tjá sig um endanlega útfærslu áður en ráðuneytið hafi tekið afstöðu og tillit til athugasemda við drögin. Of snemmt sé að segja til um hvernig frumvarpið komi til með að líta út á endanum.

„Við treystum á að þetta verði þannig úr garði gert að vöktunarkerfið, ef af því verður, verði þannig að það gefi sem mestan árangur með sem minnstum kostnaði og fyrirhöfn fyrir þá sem kerfið vakta.“

Fréttablaðið falaðist eftir viðbrögðum Sjómannasambandsins. Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri sagði að í fljótu bragði legðist sambandið ekki gegn frumvarpinu en eftir væri að rýna betur í það.

„Við teljum í grunninn að Fiskistofa þurfi heimildir til að geta haft eftirlit. Það er engin ástæða til annars en að stofnunin hafi öll þau gögn og öll þau tæki til þess að sannfæra sig um að það sé rétt vigtað og rétt gefið upp.“ **– tfh**



**Markmið frumvarpsins er að auka tiltrú á núverandi kerfi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Við teljum í grunninn að Fiskistofa þurfi heimildir til að geta haft eftirlit. Það er engin ástæða til annars.**
>
> Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambandsins

## Drónar vakti veiðarnar

Frumvarpsdrögin kveða einnig á um að eftirlitsmönnum Fiskistofu sé heimilt að nota fjarstýrð loftför, þ.e. dróna, í eftirlitsstörfum sínum. Eyþór Björnsson fiskistofustjóri segir mikil tækifæri fólgin í beitingu slíkrar tækni. „Við sjáum tækifæri í að beita drónum bæði á landi og sjó og horfum til reynslu nágrannaþjóða eins og Dana sem hafa fikrað sig áfram með þetta,“ segir Eyþór. Hann segir að um sé að ræða framtíðarsýn og því hafi Fiskistofa ekki mótað fyrirkomulag drónaeftirlitsins enn sem komið er.




# Tilefni til að huga að rafmagnsmálum

**HVERAGERÐI** „Við búum á svæði þar sem náttúruhamfarir af ýmsum toga geta orðið. Þetta rafmagnsleysi gefur okkur tilefni til að fara betur yfir þessi mál í því ljósi. Hvernig við getum undirbúið okkur betur undir hugsanlegt langvarandi rafmagnsleysi í kjölfar náttúruhamfara. Það er eitthvað sem við munum gera,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

Rafmagnslaust varð í bænum á þriðjudag eftir að spennir í aðveitustöð gaf sig. Við framkvæmdir á byggingarlóð í bænum fór skurðgrafa í gegnum gamlan streng sem talið var að væri ekki tengdur. Það varð til þess að mikið högg kom á spenninn og olli það rafmagnsleysinu.

Skipta þurfti út spenninum og lauk þeim framkvæmdum upp úr miðnætti aðfaranótt fimmtudags. Taka þurfti rafmagn af bænum í um 20 mínútur meðan á því stóð. Samkvæmt upplýsingum frá svæðisvakt RARIK á Suðurlandi er ástandið komið í eðlilegt horf.

„Það er mikilvægt að vanda til verka þar sem verið er að vinna í og við svona viðkvæmar lagnir. Svona getur samt alltaf gerst og það er ekki við neinn að sakast,“ segir Aldís.

Hún segist ekki vita til þess að rafmagnsleysið hafi valdið neinum skemmdum sem slíkum en auðvitað hafi einhverjir tapað viðskiptum. **– sar**



**Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri í Hveragerði.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Samsung S9 með
veglegri viðbót
50 GB
fylgja
IconX
heyrnartól
að verðmæti
34.990 kr.
fylgja
Samsung Galaxy S9
109.990 kr. staðgreitt
Kynntu þér frábær skólatilboð
á snjöllum græjum í næstu
verslun eða á vodafone.is
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone

## Guðmundur Hörður sækist eftir formennsku

**FÉLAGSMÁL** Guðmundur Hörður Guðmundsson hefur tilkynnt að hann bjóði sig fram til formennsku í Neytendasamtökunum á þingi samtakanna í október næstkomandi. Guðmundur, sem er fyrrverandi formaður Landverndar, sat í stjórn Neytendasamtakanna 2012-2014.



Guðmundur Hörður Guðmundsson

Hann segir í tilkynningu að samtökin hafi gengið í gegnum erfitt tímabil að undanförnu og í því felist tækifæri til að endurbyggja þau á þeim trausta grunni sem lagður hafi verið. Meðal helstu stefnumála hans er andstaða við hækkun neysluskatta, krafa um lækkun virðisaukaskatts á matvæli, andstaða við okurvexti bankakerfisins og að stöðva smálánastarfsemi.

Þá leggur hann áherslu á aukið samstarf við stéttarfélög, eflingu neytendaaðstoðar og fjölgun félagsmanna.

Jakob. S. Jónsson, leiðsögumaður og leikstjóri, hefur áður lýst yfir framboði til formennsku. Þá staðfestir Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, að þriðja framboðið hafi borist skrifstofunni síðastliðinn miðvikudag. Hún segist ekki geta gefið upp nafn þess frambjóðanda þar sem viðkomandi hafi ekki tilkynnt sjálfur um framboðið. **– sar**

## Játaði að hafa myrt Sunnivu

**NOREGUR** Sautján ára drengur hefur játað að hafa orðið hinni þrettán ára Sunnivu Ødegård að bana aðfaranótt 30. júlí í bænum Varhaug í Noregi.

Ekki hefur verið greint frá tengslum á milli Sunnivu og drengsins og því er ástæða þess að hann myrti hana enn óljós. Lögreglan greindi frá því á blaðamannafundi að hann hafi sagt að tilviljun hafi ráðið því að hann myrti hana.

Drengurinn kom upprunalega sjálfur til lögreglunnar og sagðist vera vitni en var síðar handtekinn og ákærður fyrir morðið.

Sunniva fannst látin þann 30. júlí á göngustíg nærri heimili sínu. Á blaðamannafundi norsku lögreglunnar í gær kom fram að hún telur næsta víst að Sunniva hafi verið myrt í stigagangi í hverfinu og svo flutt á göngustíginn þar sem hún fannst. **– la**

# Tugir barna féllu í loftárásum Sádi-Araba og bandamanna

**Tugir barna féllu í loftárás hernaðarbandalags Sádi-Araba á Jemen. Átökin hafa verið einkar blóðug undanfarnar vikur. Friðarviðræður mögulega á döfinni. Ástand mannúðarmála í Jemen sagt það versta í heiminum og fjölmargir á barmi þess að svelta.**



**Jemenskt barn fær aðhlynningu á sjúkrahúsi í Saada-fylki en 29 börn létust í loftárásinni.** NORDICPHOTOS/AFP

**JEMEN** Sádiarabíski herinn og bandamenn hans í stríðinu í Jemen felldu í gær tugi í loftárásum á Saada-fylki. Á meðal fórnarlamba árásanna voru börn sem ferðuðust saman í rútu. Frá þessu greindi alþjóðaráð Rauða krossins. „Tugir eru fallnir og hinir særðu fá aðhlynningu [...] Meirihluti sjúklinganna er undir tíu ára aldri,“ tísti ráðið.

Ráðið sagði starfsmenn reyna að bjarga eins mörgum og unnt væri. Hins vegar héldi tala látinna áfram að hækka. Nú þegar hafi verið tekið á móti líkum 29 barna, allra innan við fimmtán ára, og 48 særðum, þar af 30 börnum.

Sádi-Arabar sögðust í gær hafa beint árásinni að eldflaugaskotpöllum sem notaðir hafa verið til að skjóta á sádiarabísku borgina Jizan. Voru Hútar, uppreisnarmennirnir sem hernaðarbandalagið berst gegn í Jemen, jafnframt sakaðir um að nota börn til að skýla sér fyrir skothríðinni.

„Árás dagsins í Saada var lögmæt hernaðaraðgerð og var gerð í samræmi við alþjóðalög,“ sagði í yfirlýsingu hersins sem birtist á ríkisfréttastöðinni SPA.

Al-Masirah, sjónvarpsstöð Húta, sagði á Twitter í gær að 39 hefðu fallið í árásunum og 51 særst. Hútar vildu þó ekki svara ásökunum Sádi-Araba um að hafa notað börn sér til varnar. Sagði miðillinn börnin í rútunni hafa verið á leið á námskeið um Kóraninn.

Loftárásir voru einnig gerðar á hafnarborgina Hodeidah síðasta fimmtudag. Fórust þá 55 í árásum hernaðarbandalagsins að því er uppreisnarmenn greindu frá. Tala látinna var þó nokkuð á reiki, Reuters sagði 28 hafa fallið en kínverski miðillinn Xinhua sjötíu.

Í kjölfarið bauð Martin Griffiths, erindreki Sameinuðu þjóðanna í Jemen, fylkingunum til friðarviðræðna í Sviss. Óvíst er hvort þær viðræður bera árangur, en síðustu viðræður fóru fram í Kúveit fyrir tveimur árum.

Mæti sendifulltrúar fylkinganna til viðræðna munu þær hefjast þann 6. september næstkomandi í Genf.

Hernaðarbandalagið hefur gert fjölda loftárása á Jemen undanfarið. Samkvæmt Al Jazeera voru 258 árásir gerðar í júnímánuði einum. Þar af þriðjungur á skotmörk ótengd hernaði. Yemen Data Project greindi frá því að 24 árásir hafi verið gerðar á íbúabyggð, þrjár á vatns- og rafmagnsinnviði og þrjár á sjúkrahús.

AP greindi frá því fyrr í vikunni að hernaðarbandalagið hafi gert leynilega samninga við hryðjuverkasamtökin al-Kaída í Jemen og ráðið til sín hermenn úr þeirra röðum.

Heimildarmenn sögðu frá því að Bandaríkjamenn, sem styðja hernaðarbandalagið, hafi vitað af samningunum en þeir eiga sjálfir í átökum við samtökin.

Bandaríkin hafi í þokkabót hætt drónaárásum á al-Kaída á meðan á viðræðunum stóð. Þessu neitaði talsmaður bandaríska varnarmálaráðuneytisins.

**thorgnyr@frettabladid.is**

> **Meirihluti sjúklinga okkar er undir tíu ára aldri.**
>
> Alþjóðaráð Rauða krossins

### Blóðug átök

Rætur stríðsins í Jemen liggja í arabíska vorinu svokallaða, mótmælaöldu Arabaríkja gegn einræðisherrum. Jemenar mótmæltu forsetanum Ali Abdullah Saleh árið 2011 og náðu að knýja fram valdaskipti. Abdrabbuh Mansour Hadi tók við völdum.

Hadi gekk illa að taka við taumunum. Hútar, uppreisnarhreyfing sjíamúslima, gerðu uppreisn síðla árs 2014 gegn ríkisstjórninni. Uppreisnarmennirnir tóku stóran hluta landsins, meðal annars höfuðborgina Sana og eftir að hafa upphaflega flúið til hafnarborgarinnar Aden flúði Hadi land í mars 2015.

Sádi-Aröbum leist ekki á blikuna, fullvissir um að Íranar stæðu að baki uppreisninni, og í slagtogi við önnur ríki súnnímúslima á svæðinu hömruðu þeir saman hernaðarbandalag með það að markmiði að koma Hadi aftur til valda. Íranar hafa ítrekað neitað því að tengjast Hútum, þótt fjölmargir blaðamenn og rannsakendur hafi greint frá tengslunum. Líkt og í Sýrlandi, og raunar víða, má því flokka átökin í Jemen sem leppstríð Sádi-Araba og Írana.

Auk Sádi-Araba eru Bareinar, Kúveitar, Egyptar og fleiri í bandalaginu. Nýtur það jafnframt stuðnings Bandaríkjanna, Bretlands, Tyrkja og NATO.

Ekkert ríki hefur lýst yfir stuðningu við Húta. Íranar og Hezbollah-samtökin sjá þeim þó fyrir vopnum, samkvæmt fjölmörgum rannsóknum. Katarar eru einnig taldir hafa gengið til liðs við Húta árið 2017 eftir að kastaðist í kekki á milli þeirra og Sádi-Araba.

Hútar halda nú vesturströnd landsins, Hadi-stjórnin stærsta partinum þar fyrir utan, en aðskilnaðarsinnar halda svæðum á suðurströndinni og al-Kaída og ISIS hafa hreiðrað um sig um mitt landið.

Að minnsta kosti 10.000 hafa farist í stríðinu. Sú tala er að öllum líkindum miklu hærri.

Ástand mannúðarmála er hamfarakennt. Á sunnudag sagði Evrópusambandið það hvergi verra.

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi
sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

# Yfir 1.400 sögð hafa látist í Púertó Ríkó

**BANDARÍKIN** Ríkisstjórn Púertó Ríkó birti í gær skýrslu þar sem fram kom að 1.427 hafi farist vegna fellibylsins Maríu sem reið yfir eyjuna þann 20. september síðastliðinn. Sú tala er margfalt hærri en talan sem ríkisstjórnin gaf fyrst upp, 64. „Þótt hin opinbera tala látinna frá almannavarnastofnun Púertó Ríkó hafi í upphafi staðið í 64 virðist raunverulegur fjöldi mun meiri,“ sagði í skýrslunni.

Skýrslan verður send neðri deild Bandaríkjaþings eftir umsagnarferli og er í þessu uppkasti farið fram á 139 milljarða dala aðstoðarpakka en innviðir eyjunnar löskuðust gríðarlega í hamförunum.

Yfirvöld í Púertó Ríkó voru harðlega gagnrýnd fyrir að vantelja fjölda þeirra sem létust í kjölfar hörmunganna þegar innviðir eyjunnar voru í molum og sjúkrahús óstarfhæf vegna rafmagnsleysis. Þar á meðal eru dauðsföll sem rekja má til sykursýki og blóðeitrunar.



**Frá hamfarasvæði í Púertó Ríkó eftir fellibylinn Maríu.** NORDICPHOTOS/GETTY

Í skýrslunni er að finna metnaðarfulla áætlun um uppbygginu Púertó Ríkó. Yfirvöld þar vilja fá fjármagn til að ráðast í meiriháttar viðgerðir á vegakerfi eyjunnar, uppbyggingu opinberra bygginga og skóla, ásamt því að gera umfangsmiklar breytingar á raforkukerfum á eyjunni.

„Púertó Ríkó hefur nú einstakt tækifæri til að innleiða nýjungar og endurbyggja Púertó Ríkó í þeirri mynd sem við öll viljum,“ sagði Ricardo Rosselló ríkisstjóri í yfirlýsingu til fjölmiðla. **– þea, khn**

# SUMARSMELLIR!

ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 17:00
Í VERSLUN OKKAR
AUSTURSTRÆTI






Heimsendir

## FJÖR OG HÁSKI Í AMERÍKU

Par heldur til Ameríku í frí til að njóta lífsins og frelsisins, en undir niðri krauma ólgandi hvatir og óuppgerðar tilfinningar. Fyndin og fjörlega skrifuð skáldsaga, en um leið ísmeygileg og háskaleg.

VILDARVERÐ:
3.199.-
Verð:
3.999.-

## KREDITKORT & KÚLUTYGGJÓ

Bráðfyndin samtímaskáldsaga sem fær lesandann hvað eftir annað til að skella upp úr, en um leið einlæg og áleitin umfjöllun um alvarlegri hliðar lífsins.






VILDARVERÐ:
3.199.-
Verð:
3.999.-

Hözzlaðu eins og þú verslar

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 13. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hulin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Allir eiga að hafa rétt á því að sjá andlit þeirrar persónu sem þeir mæta og standa andspænis. Þannig er hægt að lesa í svipbrigði og túlka þau og átta sig á hvað einstaklingur hefur í hyggju. Þegar einstaklingur hylur andlit sitt sést ekki hver hann er, persónuleiki hans hverfur því svipbrigði hans eru ekki greinanleg. Öðrum er ómögulegt að átta sig á því hver er þarna á ferð.

Víða um heim klæðast konur búrkum og í nokkrum löndum hefur þeim nú verið meinað að láta sjá sig á almannafæri í slíkum búningi. Allmargir hafa risið upp og mótmælt banninu með þeim rökum að fólk eigi að fá að klæða sig eins og því sýnist. Það er vissulega rétt en þegar klæðnaður nær til þess að viðkomandi fái að hylja andlit sitt svo einungis sjáist í augun þá er rétt að gera miklar athugasemdir. Sjálfsagt er að fólk hylji andlit sitt á grímuböllum eða öðrum álíka skemmtunum þannig að það þekkist ekki. Annars staðar á slíkt engan veginn að líðast.

Það er dapurlegt til þess að vita að til séu menningarheimar þar sem konum er gert skylt að hylja andlit sitt og líkama þannig að einungis sjáist í augun. Með slíkum tilskipunum, hvort sem þær eru settar fram í nafni trúarbragða eða hefða, er verið að gera konur andlitslausar um leið og þær eru einangraðar.

Ef einhver hópur ætti að rísa upp og mótmæla slíku harðlega þá eru það femínistar. Það gera blessunarlega fjölmargar þeirra og tala réttilega fyrir búrkubanni í nafni kvenfrelsis. Þetta gera þær þó því miður ekki allar, reyndar er engu líkara en að sumar þeirra hafi ruglast illilega í hugmyndafræðinni. Það er beinlínis súrrealískt að horfa upp á hóp femínista víða um heim styðja hið kúgandi karlveldi sem vill skikka konur til að fela líkama sinn í búrku og hylja andlit sitt. Tilgangur þessara karldurga er að gera konur undirgefnar og einangra þær frá öðrum. Þar hafa þeir náð miklum árangri. Síst hefði verið hægt að reikna með því að femínistar kinkuðu samþykkjandi kolli yfir kúgunarhugmyndum þeirra.

Það að siður hafi tíðkast lengi í ákveðnum menningarheimum gerir hann hvorki gildan né góðan. Vilja femínistarnir, sem æsa sig svo yfir búrkubanni, virkilega að litlar stúlkur frjálsar og lífsglaðar séu einn daginn, þegar þær hafa náð kynþroskaaldri, settar í sekk og látnar hylja andlit sitt? Einhverjar þessara stúlkna gætu vissulega vanist því og jafnvel sagt opinberlega að þeim félli þessi klæðnaður í geð – sem er einmitt það sem karlskunkar í nánasta umhverfi þeirra vilja heyra. Þar á bæ er talið æskilegast að ekki sjáist mikið til kvenna og það á heldur ekki að heyrast mikið í þeim. Þær þykja best geymdar þar sem þær eru til friðs.

Það er vissulega of mikið af boðum og bönnum í þessum heimi. Búrkubann er þó ekki af hinu illa.

**Það er beinlínis súrrealískt að horfa upp á hóp femínista víða um heim styðja hið kúgandi karlveldi sem vill skikka konur til að fela líkama sinn í búrku og hylja andlit sitt.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Köld kvennaráð**

Frumkvöðlafræðingurinn og kristilega hægrikonan Margrét Friðriksdóttir efndi til flugeldasýningar á Facebook og vefmiðlum á miðvikudagskvöld þegar hún lýsti því yfir á Stjórnmálaspjallinu, þar sem hún heldur um stjórnartaumana, að hún harmaði að hafa undir áhrifum áfengis veist að mannréttindabaráttukonunni Semu Erlu Serdar með fúkyrðum. Í kjölfarið hafa stór orð verið látin falla um þær báðar, Semu og Margréti, í athugasemdum við fréttir um málið og eins og nú er mjög móðins hirða virkir í athugasemdum lítt um staðreyndir.

**Falsreyndir**

Virkir væna Semu meðal annars um athyglissýki og að nota hvert tækifæri til þess að harma hlutinn sinn í fjölmiðlum. Í þessu tilfelli gengur þetta illa upp þar sem Margrét opnaði fyrir almenna umræðu um uppákomuna. Sema svaraði að bragði með eigin yfirlýsingu þar sem hún sagðist nauðbeygð til þess að bregðast við. Í samtali við Fréttablaðið.is í gær sagðist Sema harðákveðin í að kæra Margréti til lögreglu og koma málinu í þann farveg sem hún ætlaði sér í upphafi: „Ég ætlaði svo sem ekkert að fjalla neitt um þetta mál opinberlega og láta það fyrst fara rétta leið í kerfinu.“

thorarinn@frettabladid.is

# Hinsegin dagar – Verðum í fremstu röð



Ásmundur Einar Daðason
ráðherra félags- og jafnréttismála

Um leið og við fögnum glæsilegri dagskrá Hinsegin daga, þá er hollt að rifja upp hvað hefur áunnist í réttindum hinsegin fólks á undanförnum áratugum og ræða næstu skref.

Í tilefni 40 ára afmælis Samtakanna '78 er fróðlegt að rifja upp stöðu hinsegin fólks á áttunda áratugnum. Algengt var að hinsegin fólk hafi verið í felum með tilfinningar sínar eða afneitað þeim. Þar með misstu margir af þeim mikilvægu þáttum lífsins sem felast í því að vera ástfanginn, að deila lífi sínu, vonum og væntingum. Til voru þeir sem börðust fyrir tilveru sinni, gegn viðhorfum samfélagsins og fordómum þess. Skiljanlega voru ekki margir tilbúnir í þessa baráttu, því fórnarkostnaðurinn gat verið hár.

Í janúarmánuði 1978 var Herði Torfasyni meinaður aðgangur að skemmtistað í Reykjavík vegna kynhneigðar sinnar, en þessu lýsir hann vel í ævisögu sinni. Atvikið, auk annarra, varð til þess að hann hóf undirbúning að stofnun samtaka samkynhneigðra. Ég efa að þeir tólf samkynhneigðu karlmenn sem sátu stofnfund Samtakanna '78 hafi látið sig dreyma um þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið.

Þrátt fyrir baráttu fyrri ára og mikinn árangur er það því miður svo að Ísland hefur dregist aftur úr nágrannaþjóðunum hvað varðar réttindi hinsegin fólks og því þurfum við að breyta.

Það var mjög ánægjulegt að leggja fram og sjá samþykkt lög um jafna meðferð á vinnumarkaði á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar. Á þessu ári hafa fjárframlög til Samtakanna '78 einnig verið tvöfölduð. Í samningnum við samtökin var ráðgjafar- og fræðsluhlutverk þeirra eflt, m.a. með sértækri ráðgjöf og fræðslu um málefni hinsegin fólks. Þá er stefnan að leggja fram frumvarp um kynrænt sjálfræði á næsta þingi sem mun styrkja mjög stöðu hinsegin fólks á Íslandi.

Stefna núverandi ríkisstjórnar er að komast í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks. Það á að geta tekist hratt og vel. Ég hlakka til að taka þátt í áframhaldandi vinnu með mannréttindi allra að leiðarljósi. Gleðilega hinsegin daga!

**Stefna núverandi ríkisstjórnar er að komast í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks. Það á að geta tekist hratt og vel.**

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Pistill um ekkert

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Það getur farið óskaplega í taugarnar á mér að sjá á Facebook hversu fyrirhafnarlítið það er hjá sumu fólki að lifa hamingju- og árangursríku lífi. Hver einasta fletting er skerandi sönnun þess að nánast allir sem ég þekki eru fallegri, hraustari, glaðari og gáfaðri heldur en ég og þurfa þar að auki ekkert að hafa fyrir lífinu. Þetta fólk sprettur á fætur á morgnana, smokrar sér í latex hlaupa- eða hjólaföt, brunar svo tugi kílómetra á fótum eða hjólum á öskrandi hraða, kemur svo fallega rjótt og ósveitt aftur heim, skellir sér í sturtu og birtist þaðan út með fullkomna og flekklausa húð tilbúið til þess að vinna fleiri stórsigra á vettvangi atvinnulífs, stjórnmála eða fjölskyldulífs.

Stærstu sigrarnir í glæsileikakeppninni vinnast þó yfirleitt í sumarfríum; ýmist í hasarferðum um hálendið eða sæluferðum á sólarströnd. Á fjöllum geislar fólk af fegurð, hreysti og lífskrafti í óaðfinnanlega litasjatteruðum hátæknilegum útivistarfatnaði, og á sólarströndinni flatmagar það á sólbekkjum með óátekið frissandi ferskt kampavínsglas við höndina, gáfulega flugvallarbók í kjöltunni og vöðvastælt glansandi sólbrún læri sem vísa út að heiðblárri sundlaug og skýlausum himni. Svona einhvern veginn er líf allra; nema auðvitað mitt eigið og minna allra nánustu.

### Fyrirhafnarlitlu ritverkin

Fyrir utan þessar hreysti- og hamingjumyndir fara einna mest í taugarnar á mér færslur þar sem fólk sýnir að það hafi lokið við einhvers konar stórvirki; hvort sem það er að setja upp veggi í íbúðinni sinn, fúaverja palla, elda ómótstæðilegar kræsingar eða—sem er það versta af öllu—að senda frá sér einhvers konar ritverk eins og lokaritgerð í námi eða viðlíka.

Þegar ég sé að einhver hefur skilað langri ritgerð geri ég mér umsvifalaust í hugarlund að höfundurinn hafi unnið það jafnt og þétt af fullkomnum aga og eftir fyrirframákveðnu skipulagi, þannig að stundirnar við lyklaborðið hafi verið afslappaðar og huggulegar—hugsanlega með klassískri tónlist, kamillutei og kertaljósi—og svo hafi hin endanlega afurð runnið mótþróalaust út úr prentaranum löngu áður en skilafrestur rann út. Það er alveg sama hvað hver segir mér, í hjarta mínu trúi ég því einlæglega að þetta sé svona hjá öllum öðrum.

### Verkferlar í molum

Þetta er nefnilega ekki svona hjá mér. Um daginn ætlaði ég til dæmis að byrja að skrifa klukkan 23.30 um kvöld því enginn annar tími var mögulegur. Þá gerist þetta:

Klukkan er 23.20. Ég sit í stól í stofunni og les bók um það hvernig hægt er að auka einbeitingarhæfileika sína. Klukkan 23.24 fer ég aðeins að vafra á netinu og skoða Facebook og ég hugsa með mér að ég þurfi að fara fram á gang með gleraugnahlustrið og ganga frá sólgleraugunum svo ég þurfi ekki að leita í panikki daginn eftir. Svo ætti ég að drífa í að setja upp vinnudótið og þá get ég verið byrjaður að skrifa fyrir hálf tólf. Nægur tími, hugsa ég, þannig að ég geri hvorugt en slæpist aðeins lengur og ég sé að klukkan er orðin 23.28 og ég hugsa að nú þurfi ég að haska mér af stað. Ég geri það ekki.

Ég skoða aðeins meira á Facebook og klukkan er orðin 23.30. Damn. En ég stend samt ekki upp. Kíki á eitthvað eitt í viðbót. Klukkan er 23.32. Þetta er ekki svo slæmt ef ég byrja núna hugsa ég, en geri það ekki heldur týni mér í nokkrar sekúndur og klukkan er skyndilega orðin 23.38. Ansans.

> Stærstu sigrarnir í glæsileikakeppninni vinnast þó yfirleitt í sumarfríum; ýmist í hasarferðum um hálendið eða sæluferðum á sólarströnd.

Ég stend loksins upp til þess að sækja heyrnartólin inn í sjónvarpsherbergi því án þeirra get ég ekkert skrifað. Þegar þangað er komið man ég ekki lengur af hverju ég fór þangað inn þannig að ég rápa aftur út. Best að fylla á sódavatnsflöskur.

### Ráp og ráðleysi

Svo fer ég á klósettið frammi í forstofu og heyri þá að annað barnið er að tala upp úr svefni. Ég klára klósettferðina og fer inn í sjónvarpsherbergið og sæki heyrnartólin og set þau fram á stofuborðið. Þá mundi ég að ég ætlaði að athuga með barnið sem var talandi upp úr svefni. Fer þangað og geng úr skugga um að allt sé í lagi. Ég labba aftur fram og man þá eftir að ég ætlaði að sækja heyrnartólin mín inni í sjónvarpsherbergi og fer þangað. Þau eru ekki þar.

Ég labba aftur fram og sé að þau liggja á stofuborðinu. Þau eru batteríslaus.

Ég set notaða batteríið í afskornu kókflöskuna sem er full af ónýtum batteríum síðustu fimm ára. Svo opna ég alltmögulegtskúffuna og finn réttu týpuna af batteríi. Ég finn til töskuna mína og set hana á stól við eldhúsborðið og stilli upp lyklaborði og tölvu. Klukkan er 23.48 og ég set á mig heyrnartólin tilbúinn til að skrifa. En heyrnartólin virka ekki.

Ég skoða þau og það kemur í ljós að lokið fyrir batteríið er opið og þar inni er ekkert batterí. Ég held ennþá á batteríinu. Ég set batteríið í heyrnartólin og man þá að ég á eftir að skoða hvort ég hafi fengið tölvupóst vegna fundar sem ég á morguninn eftir. Ég geri það og fer á Facebook.

Þá er ég tilbúinn og get byrjað að skrifa. Klukkan er 23.53. Allt í einu man ég að ég á eftir að stilla vekjaraklukkuna fyrir morgundaginn svo ég geri það. Og enn ég veit ég ekki um hvað ég ætla að skrifa og klukkan orðin 23.58. Kannski skrifa ég bara um ekki neitt eða fer aftur að lesa bókina um einbeitinguna. Ekkert kamillute, engin klassísk tónlist, engin kerti.

### Raunveruleikinn bitur

Þrátt fyrir allar glansmyndirnar sem mann langar oft að trúa um aðra, og skapa um sjálfan sig þá er raunveruleikinn líklega svipaður hjá okkur flestum. Jafnvel hörðustu hlaupahetjur þurfa oft að taka á honum stóra sínum til þess að komast af stað, sumir dagar í bestu fjölskyldufríum eru markaðir af streitu, pirringi og mótþróa en ekki eintómri hamingju og ævintýraþrá. Og jafnvel þeir sem hafa hundrað sinnum áður þurft að skila af sér skrifum sitja ekki afslappaðir og yfirvegaðir heldur eirðarlausir en angistarfullir við lyklaborðið langt fram á nótt og geta ekki fyrir sitt litla líf kreist fram hálft orð af viti. En maður setur það auðvitað ekki á Facebook.


ramisland.is

RAM 3500. NÝ SENDING VAR AÐ LENDA.



TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.

RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR

RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 5.960.000 ÁN VSK.
KR. 7.390.400 MEÐ VSK.

RAM 3500 fæst með og án Aisin skiptingar og RAM boxa.
Bjóðum upp á 37" til 40" breytingar. 35" dekk fara beint undir án breytinga.
Bjóðum upp á ýmsar gerðir húsa og aukahluta.

RAM

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# Tímabilinu spyrnt af stað í Leikhúsi draumanna í kvöld

**Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu karla hefst með leik Manchester United og Leicester City í kvöld. Íslendingar eiga þrjá fulltrúa í deildinni, en Gylfi Þór Sigurðsson leikur annað tímabil sitt með Everton og Jóhann Berg Guðmundsson þriðja með Burnley. Aron Einar Gunnarsson og liðsfélagar hans hjá Cardiff eru nýliðar.**

**FÓTBOLTI** Tímabilið 2018-19 í ensku úrvalsdeildinni hefst með leik Manchester United og Leicester City á Old Trafford í kvöld. Leikurinn byrjar klukkan 19.00.

United endaði í 2. sæti deildarinnar á síðasta tímabili sem er besti árangur liðsins síðan Sir Alex Ferguson settist í helgan stein 2013. Þrátt fyrir það var United 19 stigum á eftir Englandsmeisturum Manchester City. United gerði lítið á félagaskiptamarkaðnum í sumar og José Mourinho hefur varla stokkið bros á undirbúningstímabilinu. Margir spá því að Portúgalinn verði farinn frá United áður en tímabilið er á enda.

City hafði gríðarlega mikla yfirburði á síðasta tímabil og setti ný viðmið, bæði í stigasöfnun og spilamennsku. Pep Guardiola er afar metnaðarfullur stjóri og slær ekkert af kröfunum þrátt fyrir frábært tímabil í fyrra.

Liverpool þykir líklegast til að veita City samkeppni um Englandsmeistaratitilinn. Rauði herinn hefur eytt liða mest í sumar, tæpum 160 milljónum punda, og leikmannahópurinn er stærri og sterkari en síðustu ár. Liverpool hefur ekki unnið titil síðan 2012 en stuðningsmenn liðsins vonast til þess að þeirri bið ljúki í vor.

Tottenham, sem hefur endað í einu af þremur efstu sætum deildarinnar undanfarin þrjú tímabil, er með sama lið og sama stjóra [Mauricio Pochettino]. Chelsea og Arsenal eru hins vegar með nýja menn við stjórnvölinn og erfitt er að spá um gengi þeirra.

Maurizio Sarri tók við Chelsea og hefur breytt áherslum þar á bæ. Evrópudeildarsérfræðingurinn Unai Emery er nýi maðurinn í brúnni hjá Arsenal. Hann tók við af Arsene Wenger sem hætti í vor eftir 22 ár við stjórnvölinn hjá Skyttunum.

Ísland á þrjá fulltrúa í ensku úrvalsdeildinni í vetur. Gylfi Þór Sigurðsson er að hefja sitt annað tímabil með Everton sem er enn og aftur með nýjan stjóra [Marco Silva]. Meiri stöðugleiki er hjá Burnley sem Jóhann Berg Guðmundsson leikur með. Burnley kom liða mest á óvart á síðasta tímabili, endaði í 7. sæti og tryggði sér þátttökurétt í Evrópudeildinni.

Aron Einar Gunnarsson er svo hjá Cardiff City sem er nýliði í ensku úrvalsdeildinni. Flestir spá því að Cardiff fari beinustu leið niður í B-deildina aftur. Það ríkir öllu meiri bjartsýni hjá hinum nýliðunum, Wolves og Fulham, enda hafa þeir látið til sín taka á félagaskiptamarkaðnum í sumar. **ingvithor@frettabladid.is**



**Alexis Sánchez hefur verið sprækur í liði Manchester United á undirbúningstímabilinu. Hann verður í eldlínunni þegar liðið tekur á móti Leicester City í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar á Old Trafford í kvöld.** NORDICPHOTOS/GETTY

**›› Bið áhugamanna um ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu karla lýkur í kvöld þegar deildin hefst með leik Manchester United og Leicester City á Old Trafford.**

# Sæti í undanúrslitum í boði í leik gegn Noregi

**GOLF** Axel Bóasson, atvinnukylfingur úr Golfklúbbnum Keili, og Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar, hafa haft betur í báðum leikjum sínum á Evrópumótinu í liðakeppni í golfi sem fram fer á Gleneagles-vellinum í Skotlandi þessa dagana. Axel og Birgir Leifur mættu Ítölunum Guido Miglozzi og Lorenzo Gagli í gær og fóru með sigur af hólmi.

Keppt er í svokölluðum fjórbolta á mótinu þar sem báðir keppendur beggja liða leika holurnar og besta skorið telur. Axel og Birgir unnu 2&1 í dag sem þýðir að þeir voru með tveggja hola forystu þegar ein hola var eftir óleikin.

Þar áður höfðu þeir lagt Belga að velli í fyrstu umferðinni og eru þeir þar af leiðandi með fjögur stig eða fullt hús stiga í D-riðli mótsins. Keppt er í fjórum fjögurra liða riðlum á mótinu og efsta liðið í hverjum riðli kemst áfram í undanúrslit á mótinu. Axel og Birgir mæta Norðmönnum í lokaumferð riðlakeppninnar í dag og sigur í þeim leik tryggir þeim sæti í undanúrslitum.

Ekki hefur gengið jafn vel hjá Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur, atvinnukylfingi úr Golfklúbbi Reykjavíkur, og Valdísi Þóru Jónsdóttur, atvinnukylfingi úr Golfklúbbnum Leyni. Þær náðu reyndar í jafntefli í leik sínum gegn Finnlandi í gær, en tap gegn Bretlandi í fyrstu umferðinni þýðir að uppskera þeirra er of rýr til þess að þær eigi möguleika á að komast áfram með sigri í lokaleik sínum í riðlakeppninni gegn Austurríki í dag. **– hó**

**›› Atvinnukylfingarnir Axel Bóasson og Birgir Leifur Hafþórsson eru í góðri stöðu fyrir lokaumferðina í liðakeppni á Evrópumótinu í golfi sem haldið er í Glasgow.**



**Birgir Leifur Hafþórsson og Axel Bóasson spá í spilin.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýjast

**Forkeppni Evrópudeildarinnar**

**Sheriff Tiraspol - Valur 1-0**
1-0 Ziguy Badibanga (85.).

*Liðin mætast aftur á Hlíðarenda 16. ágúst.*

**Pepsi-deild kvenna**

**FH - Selfoss 0-1**
0-1 Allyson Paige Haran (21.).

**Inkasso-deild karla**

**Fram - Þór 3-3**
0-1 Sveinn Elías Jónsson (12.), 0-2 Ármann Pétur Ævarsson (30.), 1-2 Guðmundur Magnússon (43.), 2-2 Guðmundur Magnússon (72.), 3-2 Guðmundur Magnússon (víti) (75.), 3-3 Alvaro Montejo (víti) (90.).

**Njarðvík - ÍA 1-2**
0-1 Jeppe Hansen (9.), 0-2 Einar Logi Einarsson (52.), 1-2 Þórður Þorsteinn Þórðarson (sjálfsmark) (86.).

**HK - Þróttur R. 0-1**
0-1 Daði Bergsson (36.).

**ÍR - Leiknir R. 1-0**
1-0 Ágúst Freyr Hallsson (4.).

## Jón Guðni á leið til Rússlands

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Jón Guðni Fjóluson er á leið frá sænska knattspyrnuliðinu Norrköping til rússneska liðsins Krasnodar. Þetta staðfesti rússneska liðið í frétt á heimasíðu sinni í gær. Þar kom fram að félögin hefðu samið um kaupverð og gengið yrði frá samningi við leikmanninn og læknisskoðun í dag.

Jón Guðni yfirgefur sænska liðið sem er í þriðja sæti sænsku úrvalsdeildarinnar. Tímabilið er nýhafið í Rússlandi og Krasnodar er með þrjú stig eftir tvo leiki í rússnesku úrvalsdeildinni. **– hó**



**Ásdís kastaði 58,64 metra í undankeppninni í spjótkasti á EM í frjálsum íþróttum í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Ásdís einu sæti frá úrslitunum

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ásdís Hjálmsdóttir komst ekki í úrslit í spjótkasti á EM í frjálsum íþróttum í Berlín. Ásdís endaði í 13. sæti í undankeppninni en tólf efstu keppendurnir komust áfram í úrslit.

Ásdís kastaði 58,64 metra í fyrstu tilraun en það reyndist hennar besta kast. Hún gerði ógilt í annarri tilraun og í þeirri þriðju kastaði hún spjótinu 56,41 metra.

Ásdís var í fyrri riðli í undankeppninni og eftir að honum lauk var hún í 8. sæti. Í seinni riðlinum máttu því ekki fleiri en fjórir kasta lengra en hún. Fimm keppendur enduðu þó á því að kasta lengra en 58,64 metra og Ásdís var því einu sæti frá því að komast í úrslit.

Ásdís hefur lengst kastað 60,34 metra á árinu en Íslandsmet hennar er 63,43 metrar. **– iþs**

# KRÓNAN

**Svarið við erfiðustu spurningu dagsins?**



Þú finnur uppskriftina hér:
**kronan.is/korteri4**

**... asískur sinnepslax**

KORTER Í 4



Yellow mustard
**199** kr. stk.

Salthnetur
**199** kr. pk.



Ferskur grænn aspas
**799** kr. pk.

Ferskt kóríander
**299** kr. pk.





Laxaflak beinhreinsað
**2499** kr. kg

La Choy sojasósa
**449** kr. stk.

Matur fyrir fjóra = 2.445 kr.
**986** kr. á mann*

*Miðað við 200 g af laxi á mann

# STONEWALL KITCHEN




**Stonewall Kitchen**

Gerir allan góðan mat enn betri

Tilboð gilda út 12. ágúst




**Súrkál fyrir sælkera**

Kimchi, Curtido, klassískt og Chutney

verð frá **959** kr/stk




**Marzetti salatdressingar**

Margar tegundir

**799** kr/stk

Ítalskt



**Ítalskur Gelato**

Hágæða ís í eigulegum glösum

**749** kr/pk




**Nocco Ice Pop**

Ferskur og svalandi

**259** kr/stk

Ítalskt



**Tengdamömmutungur**

Frábærar með ostunum, pastanu eða einar og sér

**799** kr/pk




**Freyju Staur**

Glænýr Staur í næstu verslun

**139** kr/stk

# Meira girnilegt



30% afsláttur

Holta

**Poussin 1/2 kjúklingur**

**769** kr/kg
Verð áður 1.099 kr/kg




15% afsláttur

**Úrbeinuð kjúklingalæri**

**2.039** kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg




30% afsláttur

**Hollenskt kálfafile**

**3.499** kr/kg
Verð áður 4.999 kr/kg




15% afsláttur

**Lambakótilettur einfaldar**

**2.719** kr/kg
Verð áður 3.199 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Magðalena Jóhannsdóttir**

frá Ósi, Kálfshamarsvík, Melabraut 34, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 4. ágúst. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 15. ágúst klukkan 13.00.

**Jóhann Kristinsson**
**Ester Kristinsdóttir** **Andrés G. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Þórhallsson**

Laugarnesvegi 89,

lést að Hrafnistu í Reykjavík að kvöldi fimmtudagsins 2. ágúst sl. Útför fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 16. ágúst nk. kl. 15.00.

**Sigríður Benediktsdóttir**
**Helga Sigurðardóttir** **Viðar Aðalsteinsson**
**Þórey Viðarsdóttir**
**Helga Sóley Viðarsdóttir** **Kristján Már Gunnarsson**
**Rósa Sigurðardóttir**
**Torfi S. Gíslason** **Arna Lind Kristinsdóttir**
**Gísli Berg Torfason**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ásgeir Long**

kvikmyndagerðarmaður, vélstjóri rennismiður og þúsundþjalasmiður,

sem lést þann 3. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 14. ágúst klukkan 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Valdimar Long**
**Björg Long**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Önnu Steindórsdóttur,**

dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Asparhlíðar fyrir góða og hlýja umönnun.

**Úlfar Hauksson** **Hólmfríður Andersdóttir**
**Selma Hauksdóttir** **Þengill Ásgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Kristmundur Guðmundsson**

vélsmiður, Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést mánudaginn 30. júlí á Hrafnistu í Reykjanesbæ. Útför hans verður frá Fossvogskirkju mánudaginn 13. ágúst klukkan 15.

**Elín Guðný Bóasdóttir**
**Guðmundur Karl Kristmundsson** **Guðborg Eyjólfsdóttir**
**Anna Katrín Kristmundsdóttir** **Bjarni Róbert Jónsson**
**Eyrún Elín, Kristrún María, Róbert Arnar, Marinó Ingi og Nanna Ísold**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Metoo hefur hreyft við mörgum. Nú er komið lag um byltinguna.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lag um #metoo byltinguna

**Elín Halldórsdóttir söngkona, píanóleikari og tónmentakennari hefur gefið út lagið The #metoo song eða #metoo lagið. Þetta er fyrsta lagið sem hún semur á ensku en viðlagið fjallar um að vonandi geti metoo hreyfingin orðið til góðs fyrir konur og menn.**

Elín Halldórsdóttir söngkona, píanóleikari og tónmenntakennari, hefur gefið út lagið The #metoo song eða #metoo lagið. Þetta er fyrsta lagið sem hún semur á ensku en viðlagið fjallar um að vonandi geti metoo hreyfingin orðið til góðs fyrir konur og menn, þannig að allir vandi sig betur að fíflast ekki með ástina eða í ástamálum

„Það eru nokkrar hliðar ástarinnar teknar fyrir í laginu sem er óður minn til metoo hreyfingarinnar,“ segir Elín sem hefur gefið út lagið The #metoo song eða #metoo lagið. Lagið hljómar á ensku en þetta er í fyrsta sinn sem hún semur á ensku.

„Ég samdi þetta lag í febrúar og hef orðið fyrir sorgum og einu atviki sem ég vil ekki tjá mig um. En ég var heilluð af hreyfingunni og ég segi í textanum að ég vilji að allir geti treyst á ný.“

Elín nam söng og píanóleik við London College of Music. Hún stundaði framhaldsnám í einsöng í Köln í Þýskalandi og bjó og starfaði þar í landi í Köln og Regensburg. Í Regensburg stjórnaði hún kórnum Femmes Fatales og gospelkórnum Spirit of Joy, auk þess sem hún kom víða fram sem einsöngvari í borginni.

> **Ég á eftir að gera meira af þessu. Ég er búin að senda frá mér söngleiki fyrir krakka en nú langar mig að semja fyrir almenning. Ég er söngkona, píanóleikari og tónmenntakennari og hef starfað sem kórstjóri.**

Hún segir að hún hafi verið að semja fyrir börn og aðallega söngleiki en vilji færa sig inn á almennan markað. „Ég á eftir að gera meira af þessu. Ég er búin að senda frá mér söngleiki fyrir krakka en nú langar mig að semja fyrir almenning. Ég er söngkona, píanóleikari og tónmenntakennari og hef starfað sem kórstjóri og stofnað kóra heima og erlendis. Er því með langan og skemmtilegan feril.“ **benediktboas@frettabladid.is**



**Elín Halldórsdóttir hefur sent frá sér lag um metoo byltinguna. „Viðlagið fjallar um að vonandi geti metoo hreyfingin orðið til góðs fyrir konur og menn, þannig að allir vandi sig betur að fíflast ekki með ástina eða í ástamálum.“**

ÞETTA GERÐIST: 10. ÁGÚST

## Stephan G. Stephansson féll frá

Þennan dag árið 1927 lést Stephan G. Stephansson skáld, 73 ára að aldri. Ungur flutti hann vestur um haf og bjó hann lengi við Klettafjöll. Hann var oft kallaður Klettafjallaskáldið.

Stephan G. Stephansson hét upphaflega Stefán Guðmundur Guðmundsson. Hann var fæddur þann 3. október árið 1853 á Kirkjubóli í Skagafirði. Stefán bjó í Skagafirði til 15 ára aldurs en flutti þá í Þingeyjarsýslu og starfaði þar sem vinnumaður. Hann bjó þar þangað til hann fluttist til Vesturheims ásamt fjölskyldu sinni.

Í fimm ár bjó hann í Wisconsin-ríki í Bandaríkjunum og giftist þar Helgu Sigríði Jónsdóttur. Áttu þau saman átta börn en sex þeirra komust á legg. Næst bjó Stefán í Norður-Dakóta, í tíu ár. Í Wisconsin kallaði hann sig Stefán Guðmundsson en í Dakota var hann skrifaður Stefansson, sem gerði það að verkum að bréf hans rugluðust við bréf annarra Stefanssona svo Stefán tók upp nafnið Stephan G. Stephansson, sem hann varð síðar þekktur undir.

Fyrsta ljóðakver Stefáns bar nafnið Úti á víðavangi og kom það út 1894. Ljóðabækur hans urðu fjölmargar og mjög vinsælar.



**Viðar Hreinsson rithöfundur skrifaði ævisögu Stephans G. Stephanssonar.**
MYND/SIGURÐUR JÖKULL ÓLAFSSON

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 10. ÁGÚST 2018

# Frelsi að koma út úr skápnum

Karen Ósk Magnúsdóttir er í stjórn Hinsegin daga. Hún segir það hafa tekið sig langan tíma að koma út úr skápnum, ekki síst vegna eigin fordóma, en því hafi fylgt mikið frelsi. →2




Karen Ósk Magnúsdóttir segir að fordómarnir séu oft mestir hjá manni sjálfum og maður þurfi að finna hjá sér hugrekki til að yfirstíga þá. MYND/SIGTRYGGUR ARI

FYRIR OKKUR




Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.
Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

SVEFNSÓFAR
frá Innovation Living Denmark



FRODE
kr. 179.800



TURI
kr. 149.800

LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Framhald af forsíðu ➜



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Karen vildi láta gott af sér leiða og vera fyrirmynd t.d. fyrir þá sem eru enn í skápnum og ekki tilbúnir til að koma út. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Hinsegin dagar ná hámarki á morgun með Gleðigöngunni sem endar með glæsilegum útitónleikum í Hljómskálagarðinum. Karen Ósk Magnúsdóttir, gjaldkeri Hinsegin daga, segir að undanfarnar vikur hafi verið mjög annasamar en ótrúlega skemmtilegar. „Formleg opnunarhátíð var haldin með pompi og prakt í Háskólabíói í gærkvöldi en yfir þrjátíu viðburðir hafa verið á dagskrá alla vikuna. Við vonumst til að sem flestir komi í Hljómskálagarðinn og njóti dagsins en ætlunin er að skapa svokallaða Pride Park stemningu. Fólk getur tekið með sér teppi, fengið sér að borða, dvalið í garðinum og hlustað á frábæra útitónleika þar sem meðal annars Páll Óskar mun koma fram ásamt fjölmörgum listamönnum,“ segir Karen glöð í bragði en þetta er í annað sinn sem Gleðigangan endar í Hljómskálagarðinum.

Yfirskrift Hinsegin daga að þessu sinni er baráttugleði en um þessar mundir fagna Samtökin 78 fjörutíu ára afmæli. Samtökin 78 hafa um árabil barist fyrir bættum réttindum og samfélagsstöðu hinsegin fólks og verið í fararbroddi í þeim efnum. Karen segist vera mjög þakklát því fólki sem ruddi brautina fyrir allt hinsegin fólk og vill einnig leggja sitt á vogarskálarnar í þeim efnum. „Ég vil gefa mitt til baka og vera fyrirmynd fyrir aðra, t.d. einhverja sem eru enn ekki tilbúnir til að koma út úr skápnum. Ég ákvað fljótlega eftir að ég kom út að vinna sem sjálfboðaliði á þessum vettvangi og þegar leitað var að manneskju í stjórn Hinsegin daga tók ég þeirri ábyrgð fagnandi. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi starf. Ég hef kynnst fjölda manns og vinn með algjörum snillingum. Það er frábært að vera innan um hinsegin fólk, fólkið sem ég tengi svo vel við,“ segir Karen brosandi.

## Fordómarnir mestir hjá manni sjálfum

Tvö ár eru síðan Karen settist í stjórn Hinsegin daga en hún segir að um fjögur ár séu síðan hún ákvað að taka stóra skrefið og segja fjölskyldu sinni og vinum frá því að hún væri lesbía. „Ég kom út þegar ég var rúmlega þrítug. Ég var lengi inni í skápnum en ég vissi í þó nokkurn tíma að ég væri hinsegin áður ég var tilbúin að stíga skrefið og koma út. Undir lokin var það orðið mjög erfitt en þegar ég steig þetta skref fann ég fyrir ótrúlega miklu frelsi og mér leið í fyrsta skipti eins og ég gæti

**„Ég var lengi inni í skápnum en ég vissi í þónokkurn tíma að ég væri hinsegin áður en ég var tilbúin að stíga skrefið og koma út. Undir lokin var það orðið erfitt en þegar ég steig þetta skref fann ég fyrir ótrúlega miklu frelsi og mér leið í fyrsta skipti eins og ég gæti verið ég sjálf.**

verið ég sjálf. Fordómarnir eru oft mestir hjá manni sjálfum og maður þarf að finna hjá sér hugrekki til að yfirstíga þá,“ segir Karen. „Mér fannst ég einhvern veginn hvergi passa inn og leið ekki nógu vel. Ég ákvað því að breyta lífi mínu hægt og rólega og meira í þá átt að vera ég sjálf. Ég sagði upp vinnunni, fór í framhaldsnám og síðan sem skiptinemi til útlanda en það var mjög lærdómsríkt.“

Karen segir að þetta hafi verið ákveðin kaflaskil í lífi hennar sem voru nauðsynleg fyrir hana. „Ég flutti til Svíþjóðar að hausti, kom heim um jólin og sagði foreldrum mínum að ég væri samkynhneigð. Hálfu ári seinna kom ég heim og korteri síðar kynntist ég unnustu minni, Sóleyju Kristjánsdóttir, en það er mitt stærsta gæfuspor til þessa. Ég fékk rosalega góð viðbrögð við því að koma út, miklu betri en ég var búin að ímynda mér. Pabbi opnaði meira að segja kampavín en þau mamma voru svo glöð fyrir mína hönd. Ég hafði aldrei átt kærasta og foreldrar mínir voru eðlilega komnir með smá áhyggjur af mér og fólki fannst dálítið skrítið að þrítug kona hefði aldrei verið með neinn upp á arminn. Einhverjir pældu örugglega í hvað væri í gangi og sumar vinkonur mínar grunaði að ég væri meira fyrir stelpur en stráka. Ég held samt að það hafi komið mörgum á óvart að ég væri lesbía en allir tóku því mjög vel,“ segir Karen.



Karen segir það hafa verið mikið gæfuspor að kynnast unnustu sinni, Sóleyju.

## Draumurinn var að vinna sem hönnuður hjá IKEA

Þær Karen og Sóley búa saman í miðbænum og reka sitt eigið fyrirtæki, ásamt Sölva Kristjánssyni, bróður Sóleyjar. „Við erum með hönnunarstofu sem heitir Studio Portland. Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi og kynntum fyrstu vörulínuna okkar á HönnunarMars í ár en hún er að hluta til úr endurunnu áli, þ.e. úr teljósum. Við erum með alls konar vörur í þróun og það eru spennandi tímar fram undan,“ segir Karen, sem er með BS-gráðu í rafmagnsverkfræði.

Hún hlær þegar hún er spurð hvers vegna rafmagnsverkfræðingur hafi ákveðið að opna hönnunarstofu. „Frá því að ég var lítil hef ég haft brennandi áhuga á hönnun og draumurinn var að fá vinnu sem hönnuður hjá IKEA. Hins vegar fór það svo að ég lærði rafmagnsverkfræði og rétt fyrir hrun fór ég að vinna hjá stóru erlendu fyrirtæki og vann sem verkefnisstjóri yfir fjárfestingarverkefni í um sex ár. Það var ofboðslega góður skóli og bæði lærdómsríkt og gaman. Ég fór svo í mastersnám í rekstrarverkfræði og fann þá að mig langaði að breyta til. Eftir að við Sóley byrjuðum saman ákváðum við að láta slag standa og opna okkar eigið fyrirtæki með Sölva, en við erum öll með ólíkan bakgrunn og myndum því saman öflugt teymi. Það er ögrandi að vinna hjá sjálfum sér en gott að geta ráðað verkefnum og vinnutíma eftir því sem hentar best. Ég get t.d. hliðrað til í vinnunni vegna Hinsegin daga en í fyrra vann ég á hefðbundnum skrifstofutíma og reyndi að vinna meðfram hátíðinni og satt að segja var það heldur mikið álag,“ segir Karen, en allt starf í sambandi við Hinsegin daga er unnið í sjálfboðaliðavinnu.



Karen er einn þriggja eigenda Studio Portland. Hún segir það ögrandi en um leið gott að vinna hjá sjálfum sér, ekki síst þegar Hinsegin dagar standa yfir.

„Við reiðum okkur á styrki og svo seljum við varning til að standa undir kostnaði. Hinsegin dagar eru borgarhátíð og Reykjavíkurborg er okkar stærsti styrktaraðili, sem við erum ákaflega þakklát fyrir,“ segir hún.

## Öflug ungliðahreyfing

Karen hefur látið mannréttindi hinsegin fólks sig varða og m.a. beitt sér fyrir auknum réttindum samkynhneigðra foreldra. „Við Íslendingar erum því miður að dragast aftur úr öðrum löndum hvað varðar réttindi hinsegin fólks. Við höfum alla burði til að vera í fremstu röð og þetta minnir okkur á að baráttunni er aldrei lokið,“ segir hún og bætir við að til dæmis eigi réttindamál transfólks undir högg að sækja og að víða séu glufur í kerfinu sem þurfi að laga.

Karen segist þó vera bjartsýn á framtíðina og nefnir að gaman sé að sjá hversu öflug ungliðahreyfing Samtakanna 78 sé. „Það er frábært að sjá allt þetta unga fólk sem er komið út og að það fái tækifæri til að blómstra á eigin forsendum. Stundum hugsa ég hvernig lífið væri ef ég hefði komið fyrr út, en hver og einn ákveður sína leið og ég er stolt af minni,“ segir hún að lokum.

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.






Fyrir Eftir

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.
Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,





Tískuhús ZikZak í Kringlunni er stórglæsilegt eftir breytingarnar. Sjón er sögu ríkari og geta viðskiptavinir notið góðra tilboða næstu daga.

**Frábær opnunartilboð**
**20-50% afsláttur**
verður af völdum vörum og full búð af glænýjum haustvörum. Tilboðin verða einnig í gangi í verslun ZikZak á Akureyri.

# Breytt og bætt ZikZak verslun í Kringlunni

Tískuhús ZikZak fékk nýtt og ferskt útlit um verslunarmannahelgina. Af því tilefni er efnt til opnunarhátíðar.

Verslunin er hreint út sagt stórglæsileg," segir Berglind Ásgeirsdóttir, önnur eigenda ZikZak, og bætir við að sjón sé sögu ríkari enda hafi verið kominn tími á yfirhalningu.

„Við höfum unnið að þessum breytingum hörðum höndum og erum afar stolt af útkomunni. Við hlökkum til að sýna viðskiptavinum okkar árangurinn."

**Opnunarhátíð og ný haustlína**

Í tilefni þess að verslunin hefur fengið nýtt, breytt og bætt útlit verður haldin opnunarhátíð dagana 9. til 13. ágúst. „Við bjóðum öllum að fagna með okkur og verðum með flotta dagskrá auk þess sem við kynnum til leiks tvö ný vörumerki og sýnum allt það nýjasta úr haustlínunni 2018," segir Berglind.

Haustlínan 2018 einkennist mikið af blómamynstrum, dökkum litum og rústrauður kemur afar sterkur inn. „Það er mikið úrval af siffon túnikum, bolum, buxum, toppum, kjólum, peysum, náttkjólum og þessum hefðbundna hversdagsfatnaði. Einnig vorum við að fá alveg undursamlega fallega léttfóðraða jakka fyrir haustið, bæði í svörtu og hermannagrænu, þeir fást í stærðunum 36-56 og kosta aðeins

**» Við höfum unnið að þessum breytingum hörðum höndum og erum afar stolt af útkomunni. Við hlökkum til að sýna viðskiptavinum okkar árangurinn.**

16.990 kr. Einnig vorum við að fá sívinsælu shape buxurnar okkar aftur í svörtu og úr gallaefni. Þær eru alveg geggjaðar og „must have" fyrir haustið," lýsir Berglind og bendir á að aðhaldsbuxurnar veiti einstaklega gott aðhald, búi yfir sérstökum stuðningi og móti rass, læri og maga.



Hinar vinsælu shape buxur eru komnar aftur í svörtu og úr gallaefni. Þær veita gott aðhald, móta rass, læri og maga.

**Ný netverslun**

ZikZak hefur aukið enn fremur við þjónustu sína og opnað netverslun á www.zikzakverslun.is. Þar geta viðskiptavinir séð allt vöruúrvalið sem verslunin hefur upp á að bjóða ásamt því að hægt er að skoða öll opnunartilboðin sem verða yfir hátíðina.

**Frábær stemning**

Á laugardaginn mun DJ Dóra Júlía sjá til þess að halda uppi góðri stemningu. „Og Björg make up artist, sem farðað hefur í Cannes, veitir ráðgjöf og 25 prósent kynningarafslátt," segir Berglind glaðlega og býður alla velkomna í ZikZak um helgina.



**Úlpa, st. 23-56**
**16.990 krónur**



**Úlpa, st. 23-56**
**16.990 krónur**



**Túnika, st. 36-52**
**5.990 krónur**



**Túnika, st. 36-50**
**6.990 krónur**



**Túnika, st. 36-52**
**5.990 krónur**

# Hugmyndin kviknaði í berjamó

Eftir góðan dag í berjamó kviknaði áhugi Stefáns Barða á súkkulaðigerð. Í dag framleiðir hann og selur alls kyns súkkulaði með ólíkum bragðefnum. Honum finnst ísköld mjólk passa best með góðu súkkulaði.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Súkkulaðigerðarmaðurinn Stefán Barði Kristjónuson hefur að eigin sögn alltaf haft áhuga á mat og matargerð en þó sérstaklega súkkulaði, enda sé það einstaklega skemmtilegt og fjölbreytt hráefni sem hægt sé að leika sér mikið með. „Súkkulaði er merkilegt fyrir þær sakir að um 99% mannkyns geta borðað það, hver elskar ekki súkkulaði? Hráefnið er bara ræktað rétt í kringum miðbaug jarðar en samt er það í uppáhaldi hjá flestum jarðarbúum, hvort sem þeir búa við miðbaug eða heimskautsbaug. Sjálfur er ég meir og meir að færa mig yfir í dekkri tegundir af súkkulaði enda finnst mér það betra eftir því sem það er dekkra.“

Hugmyndin að eigin súkkulaðigerð kviknaði í berjamó fyrir nokkrum árum. „Í kjölfarið ákvað ég að kaupa litla vél og las mér til um súkkulaðigerð. Alveg frá byrjun hef ég verið að vinna mikið með dökkt súkkulaði og það er í raun alltaf að aukast. Framleiðsla mín hefur alltaf verið smá í sniðum og gerð í litlum skömmtun til að ná fram sem bestum gæðum. Ég sel súkkulaðið mitt í verslun minni á Laugavegi og í ýmsum sérverslunum.“

Hann segir súkkulaðismekk landsmanna hafa þroskast jafnt og þétt undanfarin ár og þar sé dökkt súkkulaði alltaf að sækja á. „Einnig finnst mér margir farnir að leita meira í súkkulaði með salti en súkkulaði og salt fer mjög vel saman auk þess sem hreint súkkulaði er alltaf klassískt.“

## Best með mjólk

Sjálfum finnst honum ísköld mjólk passa best með góðu súkkulaði. „Margir spyrja mig hvaða súkkulaði er gott að borða með góðu rauðvíni en það getur verið erfitt að para þessa tvo hluti saman. Helst þarf að passa að vínið sé aðeins sætara en súkkulaðið. Einnig fer 60% eða 70% súkkulaði mjög vel með portvíni eða Madeira.“

Hann stendur í stöðugri tilraunastarfsemi í súkkulaðigerðinni og segist þar helst vilja nota eins mikið íslenskt hráefni og hægt er. „Það er þó ekki alltaf í boði en ég held þó áfram að reyna. Síðast var ég t.d. að prófa mig áfram með súkkulaði sem innihélt tólf ára gamalt balsamikedik.“

Hér gefur Stefán lesendum uppskrift að einföldum en afar ljúffengum blóðbergstrufflum.

## Blóðbergstrufflur

**500 g 70% súkkulaði**
**400 ml rjómi**
**30 ml hunang**
**50 g smjör við stofuhita**
**1 msk. íslenskt blóðberg**

Hitið rjóma að suðu (ekki sjóða) með blóðberginu út í. Brjótið niður súkkulaði og setið í skál með smjörinu og hunanginu. Hellið síðan heitum rjómanum yfir í gegnum sigti til að skilja blóðbergið frá og hrærið vel. Látið kólna inni í ísskáp í u.þ.b. tvær klst. Mótið síðan litlar kúlur og stráið kakódufti yfir. Geymist í þrjá daga í ísskáp.



„Sjálfur er ég meir og meir að færa mig yfir í dekkri tegundir af súkkulaði enda finnst mér það betra eftir því sem það er dekkra,“ segir Stefán Barði Kristjónuson súkkulaðigerðarmaður. MYND/ERNIR

> Súkkulaði er merkilegt fyrir þær sakir að um 99% mannkyns geta borðað það, hver elskar ekki súkkulaði? Hráefnið er bara ræktað rétt í kringum miðbaug jarðar en samt er það í uppáhaldi hjá flestum jarðarbúum.

HEILSURÆKT

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um heilsurækt kemur út 24. ágúst nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Enski boltinn

FÖSTUDAGUR 10. ÁGÚST 2018





Aron Einar Gunnarsson í leik með Cardiff fyrr í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Barátta við að forðast fallið

Aron Einar Gunnarsson endurnýjar kynni sín við ensku úrvalsdeildina með liði sínu, Cardiff City, en félagið tryggði sér sæti í deildinni í vor eftir fjögurra ára veru í B-deildinni. Aron Einar var í nokkuð stóru hlutverki síðast þegar liðið var í deild þeirra bestu, en hann spilaði þá 23 leiki og skoraði eitt mark í þeim leikjum.

Aron Einar spilaði með íslenska landsliðinu á heimsmeistaramótinu í Rússlandi í sumar, án þess að hafa jafnað sig að fullu eftir aðgerð sem hann fór í vegna ökklameiðsla sinna. Því er líklegt að hann verði vafinn inn í bómull í fyrstu leikjum liðsins og hlutverk hans í liðinu muni svo verða stærra þegar hausta fer.

Hann fékk samkeppni um stöðu sína inni á miðsvæðinu þegar spænski miðvallarleikmaðurinn Victor Camarasa kom til liðsins frá Real Betis og Harry Arter frá Bournemouth, en annars hefur Neil Warnock leitað til fyrrverandi keppinauta sinna í B-deildinni í leit sinni að styrkingu á leikmannahópnum.

Búast má við því að Aron Einar og liðsfélagar hans muni berjast í bökkum deildarinnar og markmiðið verði að verða nær miðjunni en fallsvæðinu. Liðið er með reyndan knattspyrnustjóra sem þekkir deildina vel og þá kúnst að sleppa við falldrauginn. Stundum hefur það tekist og stundum ekki og vonum við að það heppnist að þessu sinni.

**Morgundagurinn verður betri með**
**After Party**
**Náttúruleg lausn við timburmönnum**




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract,
öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

**Virkar vel gegn þynnku**

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

**Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana**

**www.artasan.is**

# Taka Gylfi Þór og Everton framförum undir stjórn Silva?

Everton skipti um knattspyrnustjóra og styrkti sig með færri en sterkari leikmönnum en í fyrra. Silva hefur unnið gott starf með öðrum liðum en tekst honum að koma Everton í baráttuna um efstu sex sætin?



Gylfi Þór Sigurðsson fagnar marki sem hann lagði upp fyrir Michael Keane í vináttuleik Everton á undirbúningstímabilinu í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

Gylfi Þór Sigurðsson er að hefja sitt sjöunda heila tímabil í ensku úrvalsdeildinni á morgun þegar Everton mætir nýliðum Úlfanna í erfiðum útileik strax í fyrstu umferð. Er hann að hefja annað ár sitt í herbúðum Everton eftir að hafa áður leikið með liðum Swansea og Tottenham. Mun Gylfi eflaust hagnast á því að hafa náð að fá undirbúningstímabilið með liðsfélögum sínum til að komast betur í takt í stað þess að koma inn þegar tímabilið er að hefjast.

Það er ferskur blær yfir Goodison Park þessa dagana eftir að Marco Silva tók við liðinu á dögunum og er honum ætlað að brjóta Everton leið inn í hóp sex efstu liðanna. Stuðningsmenn Everton voru fegnir að sjá á eftir Sam Allardyce á vordögum og fengu inn stjóra sem félagið var að eltast við en fékk ekki að semja við síðasta haust.

Hefur Silva sótt tvo brasilíska kantmenn í sumar, Bernard og Richarlison ásamt þríeyki frá Barcelona: Yerry Mina, André Gomes og Lucas Digne, og ætti það að henta Gylfa vel. Með Bernard, Richarlison og Digne ætti að koma meiri breidd í spilamennskuna og liðið, sem ekki var til staðar í fyrra þegar Gylfa var oft ýtt út á kantinn til að koma fyrir leikmönnum eins og Wayne Rooney. Þá lék hann ýmist sem kantmaður, miðjumaður eða fékk að spreyta sig sem framherji undir stjórn Allardyce.

Sagan ætti ekki að endurtaka sig undir stjórn Silva sem vill spila 4-3-3 leikkerfi og gæti Gylfi þar fengið stórt hlutverk sem annar miðjumannanna sem hafa frelsi til að sækja. Þá reiðir lið Silva sig mikið á fljóta kantmenn sem geta sprengt upp leikinn og eru fáir betri í deildinni en Íslendingurinn í að finna plássið fyrir aftan bakverðina sem fljótir kantmenn geta leitað í.

Sjálfur sagðist Gylfi í samtali við staðarblaðið í Liverpool vera feginn að fá að spila sína stöðu inni á vellinum, á miðri miðjunni, eins og hann hefur gert með góðum árangri fyrir íslenska landsliðið undanfarin ár.

> **Þjálfarinn vill hafa mig á miðjunni sem er jákvætt, það eru komnir mjög fljótir kantmenn sem teygja vel á vellinum og vonandi fæ ég að spila á miðjunni.**

„Þjálfarinn vill hafa mig á miðjunni sem er jákvætt, það eru komnir mjög fljótir kantmenn sem teygja á vellinum og vonandi fæ ég að spila á miðjunni og hlutverk mitt verði að finna þá í svæðinu fyrir aftan varnir andstæðinganna. Ég lærði margt af tímabilinu í fyrra, sérstaklega að spila sem sóknarmaður en það var erfitt,“ sagði Gylfi og hélt áfram:

„Það var engin óskastaða og ég var færður meira til en ég bjóst við en ég var tilbúinn að gera hvað sem var fyrir liðið.“

Þegar Rooney er farinn frá félaginu er ljóst að Gylfi verður spyrnusérfræðingur liðsins og ætti það að hjálpa honum að skila betri tölfræði, bæði í markaskorun og stoðsendingum. Pressan sem dýrasti leikmaðurinn í sögu félagsins, ætti að minnka með kaupunum á Richarlison sem kostaði svipaða upphæð og Gylfi.

Draumatímabil hjá Gylfa og Everton væri að allt myndi smella strax undir stjórn Silva og að þeir myndu gera atlögu að sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta ári. Gylfi væri í lykilhlutverkinu sem hann fær hjá íslenska landsliðinu og þrífst á með landsliðinu. Það verður krefjandi og erfitt fyrir Everton sem hefur aðeins einu sinni á síðustu þrjátíu árum endað meðal fjögurra efstu en kannski er komið að Gylfa að taka liðið á herðar sér og bera það upp á næsta stig, rétt eins og hann hefur gert með landsliðinu.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is

ICELANDAIR

Coca-Cola




# KVEIKTU Á **ENSKA BOLTANUM**

Kveiktu á þínu liði þann 10. ágúst um leið og flautað er til leiks.

Horfðu heima í stofu, á ferðinni, í beinni eða þegar þér hentar.

Stöð 2 Sport er íþróttastöð á heimsmælikvarða. Yfir 1.300 beinar útsendingar á ári frá vinsælustu íþróttaviðburðum heims nú á lægra verði.

**9.990 kr. á mánuði**

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**

Premier League

2 SPORT

# Jóhann Berg og félagar í Evrópuævintýri

Jóhann Berg Guðmundsson hefur farið vaxandi með hverjum leik sem hann hefur spilað fyrir Burnley. Hann sprakk út á síðustu leiktíð og var iðinn við að leggja upp mörk fyrir liðsfélaga sína.

Jóhann Berg Guðmundsson er að hefja sitt þriðja keppnistímabil með Burnley, en hann átti mun betra tímabil í fyrra heldur en árið þar áður. Að sama skapi var árangur liðsins mun betri. Liðið tryggði sér sæti í Evrópudeildinni og er komið í þriðju umferð forkeppninnar þar sem það mætir tyrkneska liðinu Istanbul Basaksehir.

Þetta er í fyrsta skipti síðan árið 1967 sem Burnley tekur þátt í Evrópukeppni og í þriðja skipti í sögu félagsins sem liðið kemst í einhverja af Evrópukeppnunum. Jóhann á sjálfur góðar minningar úr Evrópudeildinni en fyrsti leikur hans fyrir hollenska liðið AZ Alkmaar, sem var fyrsta erlenda liðið sem hann spilaði með, var í þeirri keppni. Hann setti strax mark sitt á liðið og skoraði í frumraun sinni fyrir liðið í leik gegn sænska liðinu Gautaborg.

Jóhann Berg glímdi við meiðsli drjúgan hluta af fyrstu leiktíð sinni með Burnley í ensku úrvalsdeildinni, en hann lék 20 leiki og skoraði eitt mark og lagði upp tvö. Hann var hins vegar svo til meiðslalaus á síðustu leiktíð, spilaði 35 deildarleiki og skoraði í þeim leikjum tvö mörk. Hans helsta framlag var aftur á móti



Jóhann Berg kom með beinum hætti að tíu mörkum á síðasta tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Burnley fékk aðeins 39 mörk á sig í fyrra, tólf mörkum minna en Arsenal sem lenti í sætinu fyrir ofan.**

stoðsendingar hans sem voru átta talsins þegar upp var staðið.

Hann var í mun stærra hlutverki hjá liðinu síðasta vetur, en spiltími hans jókst um það bil þrefalt og hann virtist vera með fyrstu mönnum á leikskýrsluna hjá Sean Dyche, knattspyrnustjóra liðsins.

Jóhann hefur ekki þurft að sitja sveittur við það að kynnast nýjum liðsfélögum eftir að hann kom til móts við liðið á nýjan leik eftir þátttöku sína með íslenska liðinu á heimsmeistaramótinu í Rússlandi í sumar. Joe Hart var keyptur frá Manchester City til þess að leysa meiðslavandræði markvarðasveitar liðsins, enski varnarmaðurinn Ben Gibson, sem kom frá Middlesbrough, á að auka breiddina í varnarlínunni og tékkneski framherjinn Matej Vydra, sem gekk til liðs við félagið frá Derby County, á að auka möguleikana í sókninni.

Samkeppnin hvað kantstöðuna varðar hefur því ekkert breyst og líklegt að Jóhann verði áfram í lykilhlutverki hjá liðinu; leiki á hægri vængnum og haldi vonandi áfram að mata samherja sína á frábærum fyrirgjöfum. Burnley leikur þéttan varnarleik og treystir á skyndisóknir og föst leikatriði. Jóhann hefur bætt sig umtalsvert í varnarleik sínum og fellur eins og flís við rass við þann leikstíl sem einkennir Burnley undir stjórn Seans Dyche.

# Myndgæðin skipta höfuðmáli

Sindri Snær Thorlacius, vörustjóri hjá ELKO, segir góð myndgæði nauðsynleg þegar horft er á íþróttir í sjónvarpi. ELKO bjóði upp á það sem þarf til að upplifunin verði sem best. Útsala í gangi.

Að sjálfsögðu þarf rétta sjónvarpið fyrir enska boltann. Þeir sem gera kröfur og horfa mikið á íþróttir í sjónvarpi sjá mikinn mun á myndgæðum milli tækja. Þessi munur er vissulega til staðar, sérstaklega þegar kemur að hreyfingum og litum. Það eru myndgæðin sem fólk er að borga fyrir í fínni tækjunum,“ segir Sindri Thorlacius, vörustjóri hjá ELKO

Upplifunin við áhorf verði margfalt betri með dýpri litum og mýkri hreyfingum og það viti kröfuharðir áhorfendur íþróttaviðburða. Það sé engin tilviljun að stærstu sjónvarpsframleiðendurnir fái frægustu fótboltamenn heims til liðs við sig en Zlatan Ibrahimovic er andlit Samsung, Steven Gerrard og Adam Lallana fyrir LG og Neymar birtist í öllu kynningarefni TCL.

## Sérstök fótboltastilling

„Flottustu tækin frá þessum stærstu framleiðendum einblína á íþróttirnar í dag og þá sérstaklega á fótboltann,“ segir Sindri. „Til að mynda eru mörg sjónvörp frá Samsung, LG og TCL komin með sérstaka fótboltastillingu. Allar hreyfingar á skjánum eru mýkri og minni líkur á að áhorfandinn týni boltanum í lengri sendingum, en stundum er eins og boltinn hverfi augnablik úr mynd í eldri og ófullkomnari sjónvörpum, sem dregur úr ánægjunni. Gæðin verða alltaf



Sindri Thorlacius vörustjóri hvetur fólk til að kíkja við í verslunum ELKO og kynna sér úrvalið. MYND/ÞÓRSTEINN

betri og betri og í dag eru heilt yfir mjög góðar tölvur í sjónvörpum sem sjá um að vinna myndina á skjáinn.

LG framleiðir sjónvörp sem kallast OLED og Samsung sjónvörp sem heita QLED. Þetta eru flaggskipin í dag frá þessum stærstu framleiðendum og við bjóðum að sjálfsögðu upp á þau, auk margra annarra tegunda og merkja,“ segir Sindri.

„Öllum sjónvörpunum er stillt upp í verslunum ELKO og ég hvet fólk til þess að koma og sjá myndgæðin með eigin augum og bera saman. Hér er útsala í gangi og nóg af góðum tækjum á góðum prís,“ segir Sindri.

Nálægt hundrað sjónvörp séu til á lager og ekkert því til fyrirstöðu að ná að tengja nýtt sjónvarp heima áður en fyrsti leikurinn fer fram í enska boltanum í kvöld.

„Við erum með öll helstu vörumerkin á lager og hægt að kaupa beint af vefverslun okkar og sækja strax, ef fólk veit nákvæmlega hvað það vill. Ég mæli líka með því að kíkja til okkar í verslanir, sjá myndgæðin og fá faglegar ráðleggingar. Við erum með vel þjálfað fólk akkúrat í þessum málum. Mörg okkar hér í ELKO horfa mikið á íþróttir í sjónvarpi og vita því nákvæmlega hverju fólk er að leita eftir,“ segir Sindri.

Sjá nánar á www.elko.is

KFC®

# ALLA LAUGARDAGA

IT'S FINGER LICKIN' GOOD




## HEITT
25 Hot Wings
2.999 kr.

## HEITARA
50 Hot Wings
4.999 kr.

## HEITAST
100 Hot Wings
8.999 kr.

# Taktmælirinn sem Sarri tók með sér frá Napoli

**Jorginho**
**26 ÁRA**
**MIÐJUMAÐUR**

**Ítali**
**Landsleikir/mörk:** 8/0
Keyptur á 50,4 milljónir punda frá Napoli

Jorginho var fyrsti leikmaðurinn sem Maurizio Sarri keypti sem knattspyrnustjóri Chelsea. Manchester City hafði áhuga á Jorginho en það kom lítið á óvart að hann skyldi enda hjá Chelsea enda þjálfaði Sarri hann hjá Napoli.

Hinn 26 ára gamli Jorginho var lykilmaður í stórskemmtilegu liði Napoli undir stjórn Sarri. Hann er leikstjórnandi í anda Andreas Pirlo, leikur fyrir framan vörnina og er nokkurs konar taktmælir í spilinu. Á síðasta tímabili gaf hann að meðaltali 96,9 sendingar í leik sem var það langmesta í ítölsku úrvalsdeildinni. Næstum því 90% sendinga hans rötuðu á samherja.

Sarri hefur breytt leikstíl Chelsea og Jorginho er lykilmaður í því breytingaferli. Miðað við frammistöðu hans í leiknum gegn City um Samfélagsskjöldinn þarf hann þó tíma til að aðlagast enska boltanum. Þar fær hann ekki sama tíma með boltann og hann fékk á Ítalíu. Jorginho er ekki mikill varnarmaður en ætti að njóta góðs af því að spila með hinum sívinnandi N'Golo Kanté.

Jorginho er fæddur í Brasilíu en fluttist til Ítalíu þegar hann var 15 ára. Hann er ítalskur ríkisborgari og hefur leikið átta leiki fyrir ítalska landsliðið. Jorginho hóf ferilinn hjá Verona en gekk í raðir Napoli 2014.



Jorginho verður mikilvægur hlekkur í liði Chelsea í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Enn eitt vopnið í vopnabúri meistaranna

**Riyad Mahrez**
**27 ÁRA**
**KANTMAÐUR**

**Alsíringur**
**Landsleikir/mörk:** 39/8
Keyptur á 60 milljónir punda frá Leicester

Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir til að komast frá Leicester City varð Riyad Mahrez loks að ósk sinni þegar Manchester City keypti hann fyrir metverð í sumar.

Mahrez gerði gott mót hjá Leicester. Hann var valinn leikmaður ársins þegar Refirnir urðu óvænt Englandsmeistarar tímabilið 2015-16. Þá skoraði Mahrez 17 mörk í ensku úrvalsdeildinni og gaf 11 stoðsendingar. Tímabilið 2016-17 var ekkert sérstakt hjá Alsíringnum en hann var öflugur síðasta vetur. Hann skoraði þá 12 mörk og lagði 10 upp til viðbótar.

City hafði mikla yfirburði í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili og sló fjölmörg met á leið sinni að Englandsmeistaratitlinum. City skoraði m.a. 106 mörk. Sóknarleikurinn var því í góðu lagi og hann veikist ekkert við komu hins 27 ára Mahrez. Pep Guardiola, knattspyrnustjóri City, hefur úr mörgum góðum leikmönnum að velja og Mahrez þarf að berjast fyrir mínútunum sínum hjá Manchester-liðinu. Það er annar veruleiki en hjá Leicester þar sem hann var aðalmaðurinn.

Mahrez líður best á hægri kantinum þar sem hann getur komið inn á völlinn og sveiflað sínum frábæra vinstri fæti. Alsíringurinn er gríðarlega leikinn og erfiður viðureignar þegar hann er í stuði. Hann gæti náð nýjum hæðum undir stjórn Guardiola.



Riyad Mahrez lyftir Samfélagsskildinum eftir sigur Manchester City á Chelsea á sunnudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

» Síðustu þrjú tímabil hefur Mahrez skorað 35 mörk og gefið 24 stoðsendingar í ensku úrvalsdeildinni.

# Er týndi hlekkurinn loksins fundinn?

**Lucas Torreira**
**22 ÁRA**
**MIÐJUMAÐUR**

**Úrúgvæi**
**Landsleikir/mörk:** 8/0
Keyptur á 26,5 milljónir punda frá Sampdoria

Stuðningsmenn Arsenal vonast til að Lucas Torreira sé varnarsinnaði miðjumaðurinn sem félagið hefur leitað að án árangurs í rúman áratug. Margir hafa reynt sig í þessari stöðu en enginn verið nógu sannfærandi.

Hinn smávaxni Torreira var keyptur fyrir 26,5 milljónir frá Sampdoria þar sem hann vakti mikla athygli fyrir góða frammistöðu, sérstaklega á síðasta tímabili.

Í vikunni var greint frá því að Luis Suárez, samherji Torreira í úrúgvæska landsliðinu, hefði hvatt hann til að ganga til liðs við Arsenal. Torreira lék sinn fyrsta landsleik í mars og kom við sögu í öllum fimm leikjum Úrúgvæ á HM í Rússlandi.

Hinn 22 ára gamli Torreira er óþreytandi og grimmur miðjumaður sem er duglegur að vinna boltann. Þrátt fyrir að vera helst þekktur fyrir góðan varnarleik er Torreira með fínar sendingar og skilar boltanum ágætlega frá sér.

Torreira er dýrasti leikmaðurinn sem Arsenal keypti í sumar og hann verður í stóru hlutverki hjá Skyttunum á tímabilinu. Arsenal stendur á tímamótum enda með nýjan mann í brúnni í fyrsta sinn í 22 ár. Unai Emery, nýr knattspyrnustjóri Arsenal, vill að bakverðirnir taki virkan þátt í sóknarleiknum og því mæðir mikið á Torreira að loka þeim svæðum sem þeir skilja eftir sig þegar þeir fara fram á völlinn.

» Torreira er fyrsti Úrúgvæinn sem leikur með Arsenal.



Lucas Torreira er ætlað að styrkja varnarleik Arsenal sem var slakur á síðasta tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

# Brasilísk innreið á Goodison Park

Brasilíski vængmaðurinn Richarlison endurnýjar samstarf sitt við Marco Silva sem tók við sem knattspyrnustjóri hjá Everton síðasta vor, en þeir unnu saman með fínum árangri hjá Watford á síðustu leiktíð. Hann er snöggur og flinkur kantmaður, en Everton skorti tilfinnanlega hraða í sóknarleik sinn á síðasta keppnistímabili og Richarlison á að leysa þann vanda. Hann var fyrstu kaup Silva og Marcel Brands sem ráðinn var sem yfirmaður knattspyrnumála í sumar.

Richarlison kostaði um það bil 40 milljónir punda og er næst dýrasti leikmaður í sögu félagsins á eftir Gylfa Þór Sigurðssyni. Það er því pressa á Brasilíumanninum að hann standi sig.

Hann lék alla 38 deildarleiki Watford á sínu fyrsta tímabili með liðinu og skoraði í þeim leikjum fimm mörk. Everton er því ekki að fjárfesta í markaskorara af guðs náð, en hann getur ógnað með hraða sínum og knatttækni og skapað fyrir samherja sína í opnu spili. Samlandi hans, Bernard,

**» Everton keypti tvo brasilíska framherja í sumar sem eiga að hressa upp á sóknarleik liðsins. Richarlison er á sínu öðru tímabili í Englandi, en þetta verður frumraun Bernard.**

sem er örvfættur vængmaður með snerpu og kraft, gekk svo til liðs við Everton frá úkraínska liðinu Shaktar Donetsk á lokadegi félagaskiptagluggans síðdegis í gær.

Það er því líklegt að Everton leiki með tvo brasilíska sóknartengiliði sinn hvorum megin við Gylfa Þór sem verður í hlutverki sóknarsinnaðs miðjumannsins. Sóknarlína Everton er þar af leiðandi orðin mun kvikari og tæknilega betri en sú sem liðið hafði á að skipa síðasta vetur. Hinn fótfrái Theo Walcott þarf því að hafa meira fyrir því að komast í byrjunarliðið en undir stjórn Sams Allardyce.



Richarlison sem kom til Everton frá Watford í sumar með boltann í leik með liðinu gegn Valencia . NORDICPHOTOS/GETTY

# Miklar væntingar gerðar til Brassans

**Alisson**
**25 ÁRA**
**MARKVÖRÐUR**

**Brasilíumaður**
**Landsleikir:** 31
Keyptur á 65 milljónir punda frá Roma

Eftir ófarir Loris Karius í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu síðasta vor var ljóst að Jürgen Klopp þyrfti að fá nýjan mann milli stanganna hjá Liverpool.

Um miðjan júlí staðfesti Liverpool að félagið hefði fest kaup á brasilíska landsliðmarkverðinum Alisson frá Roma. Hann var dýrasti markvörður heims í nokkrar vikur, eða þar til Chelsea keypti Kepa Arrizabalaga frá Athletic Bilbao.

Alisson hóf ferilinn með Internacional í heimalandinu en gekk í raðir Roma 2016. Hann var varamaður fyrir Wojciech Szczesny á sínu fyrsta tímabili í borginni eilífu. Á síðasta tímabili fékk Alisson tækifæri eftir að Szczesny var seldur til Juventus og sló í gegn. Roma fékk aðeins 28 mörk á sig í ítölsku úrvalsdeildinni, næstfæst allra liða, og Alisson hélt marki sínu 17 sinnum hreinu. Þá hélt hann fimm sinnum hreinu á leið Roma í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu.

Alisson, sem hefur verið aðalmarkvörður brasilíska landsliðsins undanfarin ár, er góður maður gegn manni, gríðarlega öruggur með boltann og kemur honum vel frá sér. Og hann er ekki mistækur eins og þeir Simon Mignolet og Karius sem hafa staðið í rammanum hjá Liverpool síðustu ár.

Markvarðarstaðan hefur verið til vandræða hjá Rauða hernum undanfarin ár en stuðningsmenn Liverpool vonast til að það heyri sögunni til. Og þeir vonast að sjálfsögðu til þess að kaupin á Alisson heppnist jafn vel og síðast þegar Liverpool keypti leikmann frá Roma (Mohamed Salah).



**Liverpool hefur leitað lengi að traustum markverði. Stuðningsmenn liðsins vonast til að Alisson sé sá maður.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Maðurinn sem á að fóðra Pogba og félaga

**Fred**
**25 ÁRA**
**MIÐJUMAÐUR**

**Brasilíumaður**
**Landsleikir/mörk:** 8/0
Keyptur á 43,7 milljónir punda frá Shakhtar Donetsk

Frederico Rodrigues de Paula Santos, eða Fred, lék í fimm ár með Shakhtar Donetsk, varð þrisvar sinnum Úkraínumeistari með liðinu og lék fjölmarga leiki með því í Meistaradeild Evrópu. Í sumar keypti Manchester United brasilíska miðjumanninn svo fyrir 43,7 milljónir punda. José Mourinho, knattspyrnustjóri liðsins, var ekki sáttur með gang mála á félagaskiptamarkaðnum í sumar en landaði þó hinum 25 ára gamla Fred.

Stuðningsmenn United vonast til að Fred reynist félaginu jafn vel og annar brasilískur miðjumaður, Fernandinho, hefur reynst



Frammistaða Freds með Manchester United á undirbúningstímabilinu hefur lofað góðu. NORDICPHOTOS/GETTY

**» Fred skrifaði undir fimm ára samning við United með möguleika á eins árs framlengingu.**

Manchester City eftir að hann var keyptur frá Shakhtar fyrir nokkrum árum. Fred hefur leikið átta landsleiki fyrir Brasilíu og var í brasilíska hópnum á HM í Rússlandi í sumar.

Fred er vel spilandi alhliða miðjumaður sem er með góðar sendingar. Hans hlutverk hjá United verður að halda takti í spilinu og koma boltanum á leikmenn á borð við Paul Pogba, Alexis Sánchez og Romelu Lukaku í hættulegum stöðum.

Fred getur líka unnið boltann en gengur stundum full hart fram. Á síðasta tímabili fékk hann 11 gul spjöld og eitt rautt í 26 leikjum í úkraínsku úrvalsdeildinni.




Englandsmeistarar Manchester City unnu öruggan sigur á Chelsea, 2-0, í leiknum um Samfélagsskjöldinn um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stefna á fyrstu titilvörnina

Manchester City vann ensku úrvalsdeildina með miklum yfirburðum á síðasta tímabili og sló fjölmörg met í leiðinni. City fékk flest stig í sögu ensku úrvalsdeildarinnar (100), vann flesta leiki (32), flesta útileiki (16), flesta leiki í röð (18), var með besta markamismuninn (+79) og skoraði flest mörk (106). City fékk 19 stigum meira en Manchester United en aldrei hefur munað jafn mörgum stigum á Englandsmeisturum og liðinu í 2. sæti.

City hefur fimm sinnum orðið Englandsmeistari í sögu félagsins en aldrei náð að verja titilinn. Það verkefni bíður Peps Guardiola, hins metnaðarfulla spænska knattspyrnustjóra City. Þótt félagið hafi haft hægt um sig á félagaskiptamarkaðnum í sumar er ólíklegt að City gefi mikið eftir. Liðið virðist enn það sterkasta í ensku úrvalsdeildinni og það verður erfitt að velta City af stalli sínum.

**» Fjórir leikmenn Man. City lögðu upp tíu mörk eða fleiri í fyrra: Kevin De Bruyne, Leroy Sané, David Silva og Raheem Sterling.**

Þótt frammistaða City í ensku úrvalsdeildinni í fyrra hafi verið nánast fullkomin olli liðið vonbrigðum þegar það féll úr leik fyrir Liverpool í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Síðan Sheikh Mansour keypti City fyrir 10 árum hefur liðið aldrei komist lengra en í undanúrslit Meistaradeildarinnar. Því þarf Guardiola að breyta í vetur.

## Umbylting hjá Chelsea

Fyrirsjáanlegustu stjóraskipti sumarsins urðu hjá Chelsea. Eftir tvö tímabil við stjórnvölinn, og tvo stóra titla, var Ítalinn Antonio Conte rekinn. Við starfinu tók landi hans, Maurizio Sarri, sem var nálægt því að gera Napoli að ítölskum meisturum á síðasta tímabili.

Sarri aðhyllist allt annan leikstíl en Conte og hefur breytt miklu hjá Chelsea. Sarri leggur áherslu á að lið sín haldi boltanum og pressi andstæðinginn framarlega á vellinum.

Sarri tók ítalska leikstjórnandann Jorginho með sér frá Napoli og fékk svo króatíska miðjumanninn Mateo Kovacic frá Real Madrid. Þá urðu markvarðaskipti hjá Chelsea. Thibaut Courtois fékk draum sinn um að fara til Real Madrid uppfylltan en í staðinn keypti Chelsea Kepa Arrizabalaga frá Athletic Bilbao og gerði Spánverjann að dýrasta markverði allra tíma.

Það verður að koma í ljós hversu lengi Sarri verður að innleiða sína hugmyndafræði hjá Chelsea. Hann verður þó að hafa hraðar hendur því þolinmæði stjórnarmanna Chelsea er ekki alltaf mikil.



Maurizio Sarri

# Þungskýjað á Old Trafford

José Mourinho, knattspyrnustjóri Manchester United, hefur ekki verið upplitsdjarfur í sumar. Harmakveinin byrjuðu strax á fyrsta blaðamannafundi undirbúningstímabilsins og hafa ekki stöðvast síðan þá.

Portúgalski stjórinn er ósáttur við hversu illa United gekk á félagaskiptamarkaðnum í sumar og að hafa ekki fengið leikmennina sem hann vildi fá.

United endaði í 2. sæti ensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili, 19 stigum á eftir Englandsmeisturum Manchester City. Það er erfitt að sjá United minnka bilið á City í vetur og vera í alvöru titilbaráttu í fyrsta sinn síðan Sir Alex Ferguson hætti 2013.

Þótt United standi ljósbláum grönnum sínum enn langt að baki er liðið langt frá því að vera slakt. Einn besti markvörður heims, David De Gea, stendur á milli stanganna, Alexis Sánchez er búinn að vera mjög frískur á undirbúningstímabilinu og Romelu Lukaku og Paul Pogba mæta fullir sjálfstrausts til leiks eftir að hafa spilað vel á heimsmeistaramótinu í Rússlandi.

Stærsta verkefni Mourinhos verður að fá enn meira út úr sínum lykilmönnum. Pogba hefur átt frábæra spretti í búningi United, kom m.a. með beinum hætti að 16 mörkum á síðasta tímabili, en býr yfir hæfileikum til að gera enn betur. Lukaku skoraði 27 mörk á sínu fyrsta tímabili hjá United en myndi eflaust þiggja meiri og betri þjónustu í vetur.



Margir spá því að José Mourinho, hinn portúgalski stjóri Manchester United, verði horfinn á braut áður en tímabilið er á enda. NORDICPHOTOS/GETTY

**» Ekkert lið hélt jafn oft hreinu á síðasta tímabili og Man Utd., eða 19 sinnum.**

# Ferskir vindar á Emirates

Það urðu kaflaskil hjá Arsenal þegar franski knattspyrnustjórinn Arsene Wenger sleppti takinu á liðinu eftir rúmlega tveggja áratuga skeið sem stjóri hjá félaginu og Spánverjinn Unay Emery tók við stjórnartaumunum. Emery var síðast við stjórnvölinn hjá franska risanum PSG og sinnti því starfi með ágætum.

Emery fékk þýska markvörðinn Bernd Leno til þess að berjast við Petr Cech um markmannsstöðuna. Grikkinn Sokratis Papastathopoulos bættist í miðvarðasveit liðsins og hinn svissneski Stephan Lichtsteiner bætir flóruna í bakvarðarstöðunni hægra megin. Lucas Torreira, sem lék vel fyrir Úrúgvæ á heimsmeistaramótinu í Rússlandi í sumar, á að svara kalli stuðningsmanna sem hafa kallað eftir því undanfarin ár að fenginn væri til liðsins öflugur djúpur miðjumaður. Franski U-21 árs landsliðsmaðurinn Mattéo Guendouzi mun svo berjast við miðjumenn liðsins um sæti í liðinu.

Arsenal tókst ekki að tryggja sér sæti í Meistaradeild Evrópu síðastliðið vor, en liðið hefur leikið í Evrópudeildinni síðustu tvö tímabil eftir að hafa leikið í Meistaradeild Evrópu í 17 leiktíðir þar á undan. Verkefni Emery er að tryggja stuðningsmönnum Arsenal Meistaradeildarfótbolta á nýjan leik. Raunhæft markmið er að komast aftur í eitt af efstu fjórum sætunum, en hæpið er fyrir stuðningsmenn liðsins að fara fram á að liðið berjist um enska meistaratitilinn á komandi keppnistímabili. Pierre-Emerick Aubameyang kom inn í ensku úrvalsdeildina með látum um síðustu áramót þegar hann gekk til liðs við Arsenal frá Borussia Dortmund. Hann skoraði tíu mörk í þeim þrettán leikjum sem hann lék fyrir liðið eftir að hann kom þangað. Gabonmaðurinn mun leiða framlínu liðsins og vera lykilmaður í sóknarleiknum.



Unai Emery sem tók við sem knattspyrnustjóri Arsenal í sumar stýrir hér leikmönnum sinum á æfingu liðsins í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY





SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
RFR.
ÚTSALA!
-Allt að 70% afsláttur -
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
WWW.TRI.IS
LOUISGARNEAU
ParkTool
Tacx
STAGES
#becube #triverslun
RolfPRIMA
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# Engar afsakanir, herra Klopp

Liverpool styrkti leikmannahópinn hvað mest í sumar og mætir með sterkt lið sem er tilbúið að gera atlögu að titlum. Stuðningsmenn félagsins hafa beðið í 28 ár eftir þeim stærsta á Englandi.

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is



Síðustu áratugir hafa verið erfiðir stuðningsmönnum Liverpool en aðeins einn titill hefur unnist undanfarin tólf ár. Eru stuðningsmenn félagsins þyrstir í að sjá félagið fara að vinna titla og þar er einn efstur á lista. Enski meistaratitillinn. Titill sem Liverpool hefur verið að eltast við í 28 ár og komist nálægt því að landa en þegar á hólminn er komið hefur tækifærið runnið úr greipum þeirra.

Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, hefur fengið nokkuð greiðan aðgang að fjárhirslum félagsins á þessu ári og er kominn tími á að hann fari að skila titlum til Bítlaborgarinnar.

Klopp er að hefja sitt þriðja heila tímabil hjá félaginu og nálgast þrjú ár sem knattspyrnustjóri Liverpool eftir að hafa tekið við af Brendan Rodgers haustið 2015. Með Klopp komu miklar væntingar enda hafði honum áður tekist að stýra Dortmund til sigurs í þýsku deildinni tvö ár í röð og í úrslit Meistaradeildar Evrópu þrátt fyrir að hafa aðeins brotabrot af fjármagninu sem lið á borð við Bayern München hafði.



Það er gríðarlega mikilvægt fyrir Liverpool að Naby Keita og Mohamed Salah nái vel saman í vetur. Miklar væntingar eru gerðar til Salah eftir að hann bætti markametið í ensku úrvalsdeildinni í vor en varnarmenn munu hafa góðar gætur á honum. NORDICPHOTOS/GETTY

### Sömu vandræði héldu áfram

Tókst honum að kaupa leikmenn og gera þá að stjörnum á sama tíma og liðið hans spilaði stórskemmtilegan fótbolta á leið sinni í átt að tveimur meistaratitlum og einum bikarmeistaratitli.

Þrátt fyrir að honum hafi tekist að láta Liverpool spila skemmtilegan fótbolta voru sömu vandamál að hrjá liðið og hafa gert allt frá því að Rafa Benitez yfirgaf félagið árið 2010. Allan stöðugleika skorti í varnarleikinn og þar fyrir aftan voru markmenn sem voru alltaf líklegir til að gera afdrifarík mistök líkt og sást bersýnilega í úrslitum Meistaradeildar Evrópu í vor.



Klopp hefur ekki tekist að vinna bikar fyrstu þrjú árin hjá Liverpool.

Setti Liverpool ný viðmið þegar kom að kaupum á varnarmanni í janúar síðastliðnum þegar félagið greiddi stórfé, 75 milljónir punda, fyrir Virgil Van Dijk, hollenska miðvörðinn frá Southampton. Klopp einblíndi á að fá Van Dijk og engan annan og fékk það í gegn en hann kom með meiri ró í varnarleik liðsins.

### Stefnan sett á titilinn

Í sumar fékk hann aftur að styrkja leikmannahópinn og sækja leikmenn sem hann var með efsta á óskalista. Ekki þurfti að sætta sig við plan-B þetta árið. Aftur fékk hann að kaupa dýrasta mann heimsins í sinni stöðu, brasilíska markvörðinn Alisson Becker þótt Chelsea hafi bætt það met skömmu síðar. Þar að auki komu varnarsinnaði miðjumaðurinn Fabinho og Naby Keita inn fyrir tæpar hundrað milljónir punda samanlagt. Bætti hann að lokum aukavopni við sóknarleikinn, Xherdan Shaqiri, á góðu verði frá Stoke. Spurningin er hvort honum takist að fá meiri stöðugleika út úr svissneska kantmanninum sem hefur átt kaflaskiptan feril.

Í heildina hefur Klopp eytt rúmum 230 milljónum punda til að styrkja leikmannahópinn á þessu ári og fengið fjóra heimsklassa leikmenn í sínar raðir. Salan á Philippe Coutinho til Barcelona fyrir 140 milljónir lagar ársreikninginn en það er ekkert launungarmál að búið er að styrkja hópinn til að gera atlögu að meistaratitlinum.

Liverpool með þennan hóp ætti að teljast tilbúið í baráttuna um titilinn við ríkjandi meistara

**» Aðeins Manchester City (106) skoraði fleiri mörk en Liverpool í fyrra.**

Manchester City og hvaða félag sem er sem blandar sér í baráttuna í ár. Í ár ætti Liverpool ekki að hafa neinar afsakanir, það er kominn tími til að setja nýja bikara upp í hillurnar á Anfield sem hafa safnað ryki í of langan tíma að mati stuðningsmannanna.






# SPANHELLUBORÐ MEÐ INNBYGGÐUM GUFUGLEYPI

## ÞÝSK VERÐLAUNAHÖNNUN

GERMAN DESIGN AWARD WINNER 2016

### LOSNAÐU VIÐ HÁFINN

Þýska hönnunarfyrirtækið BORA hefur unnið til margra verðlauna fyrir BORA spanhelluborðin sem eru með innbyggðum gufugleypi. Sparaðu pláss njóttu hreins lofts þegar þú eldar og losnaðu við fitu sem sest um allt eldhús sem fylgir eldamennskunni.

**Sjá myndbönd á friform.is**



BORA

**5 ára ábyrgð á öllum raftækjum**

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

**OPIÐ:**

Mán. til föstudaga kl. 09 til 18
Lokað á laugardögum í sumar.

Punktar og peningar

# DREYMIR ÞIG UM FÓTBOLTAFERÐ?




**London og Manchester eru kannski nær en þig grunar**

Láttu Vildarpunktana þína ganga upp í flugmiða á draumaleikinn í ensku úrvalsdeildinni. Kannaðu stöðuna, verðið gæti hitt beint í mark.

Þú getur bæði notað og safnað Vildarpunktum um borð

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 89155 08/18




Sími: 411 5000 • www.itr.is

# Drakk kaffi með Gísla á Uppsölum

Sambi í Selárdal og Gísli á Uppsölum voru samferða Sólveigu Ólafsdóttur á æskuárum hennar.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Selárdalur er engum líkur. Hann er eiginlega við heimsenda en um leið nafli alheimsins því sem barn upplifði maður að þar gerðust allir hlutir," segir Sólveig Ólafsdóttir, sem sleit barnsskónum í Selárdal og bjó þar öll sumur fram á fullorðinsár.

„Afi minn, Hannibal Valdimarsson, tók kirkjujörðina Selárdal á leigu um það leyti sem ég fæddist og hugsaði hana sem sumaríverustað fjölskyldunnar. Jafnframt setti hann upp fjárbú með um 500 fjár og þá kom öll fjölskyldan saman á sumrin til að ganga í bústörfin. Pabbi minn, Ólafur Hannibalsson, tók svo við búinu 1977 og bjó þar til ársins 1987 og þar átti ég mitt annað heimili," útskýrir Sólveig sem á sér ljúfar minningar úr Selárdalnum.

„Við vorum mörg börnin í frændsystkinahópnum sem gengum þar um algjörlega frjáls og maður áttaði sig fljótt á að það væri ekki á mörgum stöðum þar sem tvær kirkjur stæðu í sama dalnum. Við krakkarnir gerðum víðreist um dalinn, fórum í berjamó, lékum okkur við sjóinn, í höggmyndagarði Samúels Jónssonar og komum við hjá Gísla á Uppsölum þar sem við fengum góðar móttökur. Gísla þótti vænt um að hitta mann og spjalla og þótt ég hafi ekki byrjað að drekka kaffi fyrr en um þrítugt var ég ekki nema sex ára þegar ég fór að þiggja kaffisopa hjá Gísla, enda þótti okkur krökkunum ókurteisi að afþakka sopann," segir Sólveig og brosir.

Tvisvar á sumri var Gísla boðið til kvöldverðar hjá ömmu Sólveigar og þar var alltaf samgangur á milli.

„Gísli var dálítið óskýr í tali en við krakkarnir lögðum okkur fram um að heyra það sem hann sagði og náðum flestu þótt við hefðum stundum þurft að hvá svolítið. Gísli var vissulega einangraður einbúi en pabbi átti oft í samskiptum við hann. Gísli hlustaði líka á sveitasímann og fylgdist með því sem gerðist í sveitinni, tók inn rafmagn um leið og hinir bæirnir, og bróðir hans kom alltaf með vistir til hans, en þeir töluðust ekkert við og áttu í samskiptum án orða."

Uppsalir eru nú í eyði og þar er lítið að sjá, en Sólveig segir ferðafólk sækja þangað til að standa í sporunum hans Gísla.

„Mér finnst verst að maður skyldi ekki hafa haft rænu á því að hirða garðinn hans Gísla því hann var mikill áhugamaður um skrúðgarðyrkju og var með ansi merkilegan lystigarð við bæinn sinn þar sem hann ræktaði sérstök tré og skrautrunna. Það er synd að garðurinn hafi orðið eyðileggingu að bráð því þegar enginn var orðinn eftir í dalnum til að reka út fé fór það að ganga í garðinn og girðingarnar eyðilögðust. Það gæti þó vel orðið næsta verkefni félagsins að endurgera lystigarðinn hans Gísla," segir Sólveig.



Selárdalur er fastur viðkomustaður í tilveru systranna Kristínar og Sólveigar Ólafsdætra sem sitja hér á ljónum Samúels Jónssonar. Þær koma sér nú upp húsi í dalnum til að geta verið þar meira. MYND/GUÐMUNDUR SVERRISSON

## Stórvirki draumóramanns

Sólveig er að vísa í Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal. Það var stofnað 1998 og fagnar nú 20 ára afmæli sínu. Markmið félagsins er að sinna viðgerðum á listaverkum og byggingum Samúels og hefur Gerhard König myndhöggvari verið verkstjóri viðgerðanna frá upphafi.

„Afi Hannibal hélt verkum Samúels á lofti en sumum samtíðarmönnum Samúels þótti kannski lítið til hans koma, álitu hann vera skrýtinn og verkin hans barnaleg. Í seinni tíð hafa æ fleiri áttað sig á því hversu gríðarlegt þrekvirki Samúel vann einn og sjálfur við öll sín verk, því fyrir utan kirkjuna, listasafnið og höggmyndagarðinn liggja eftir hann hundruð málverka. Hann var líka stórtækur í módelsmíði og tálgaði meðal annars eftirlíkingu af Péturskirkjunni í Róm. Samúel hefur því farið frá því að vera álitinn draumóramaður yfir í að fá loks þá viðurkenningu sem honum ber," segir Sólveig.

Samúel bjó víða í Selárdal og byggði sér hvarvetna eigið hús. Hann var vinnumaður á bæjum, alltaf fátækur og þvældist á milli. Kona hans hét Salóme og átti einn son áður, en þrjú börn þeirra Samúels dóu öll í frumbernsku.

„Ekkert húsa Samúels stendur nú eftir nema tóftirnar og maður sér að höggmyndagarðurinn, listasafnið og kirkjan hefðu horfið ef ekki hefði verið farið í að bjarga því. Verk hans voru unnin af vanefnum og stórviðri á Vestfjörðum fara um þau ómjúkum höndum. Samúel notaði eins litla steypu og unnt var og svo fjörusand sem hann bar sjálfur á bakinu upp fjörukambinn," útskýrir Sólveig.



Samúel Jónsson skildi eftir sig einstakan höggmyndagarð, hús og kirkju í Selárdalnum þar sem Sambahátíð verður haldin nú um helgina.

Hún segir verk Samúels einstök menningarverðmæti.

„Þau eru ótrúlegur vitnisburður um samtímalist og einstakling sem fann sig knúinn til að sinna listþörf sinni þrátt fyrir úrtölur og háð samferðafólksins. Því ber okkur skylda til að viðhalda svo dýrmætri alþýðulist og halda nafni hans á lofti. Við viljum líka gjarnan að hann fái þá viðurkenningu sem honum ber í íslenskri listasögu."

## Byggði sína eigin kirkju

Samúel Jónsson var í daglegu tali kallaður Sambi. Því heldur félagið Sambahátíð í Selárdal á morgun, laugardaginn 11. ágúst.

„Þar verður fjölbreytt dagskrá frá morgni til kvölds; föndur og leikir fyrir börn, gönguleiðsagnir, kvikmyndasýning, tónleikar Hallveigar Rúnarsdóttur og Teits Magnússonar í kirkjunni og margt fleira. Hægt verður að tjalda á staðnum og boðið verður upp á ljúffenga fiskisúpu, lambakjöt og kaffi og meðlæti. Í kvöld kveikjum við svo í brennu í fjörunni við brekkusöng og sleppum kínverskum luktum út í nóttina," upplýsir Sólveig og vonast eftir sem flestum.

„Við viljum fá sem flesta í lið með okkur að bjarga menningarverðmætum Samúels og í kjölfar vel heppnaðrar söfnunar á Karolina Fund, ásamt framlögum frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, Ferðamálastofu og menningarmálaráðuneytinu, hillir nú undir að hægt verði að taka hús Samúels í rekstur sem aðstöðuhús, kaffistofu, minjagripaverslun og gestaíbúð fyrir lista- og fræðimenn og áhugafólk."

Sólveig segir Selárdal vera einstaka ferðamannaperlu sem brýnt sé að hafa á Vestfjarðakortinu.

„Þetta er töfrandi staður. Þannig er ljónagosbrunnur Samúels innblásinn af ljónagarðinum við Alhambra-höllina í Granada. Lítið er um vatn í Selárdal en þegar ég var lítil man ég eftir að Samúel hellti vatni úr fötum í brunninn til að láta það flæða úr munnum ljónanna, gegn greiðslu. Altaristafla kirkjunnar á sér líka magnaða sögu því þegar Selárdalskirkja varð 100 ára málaði Samúel altaristöflu sem hann vildi gefa kirkjunni. Þar var fyrir afar verðmæt altaristafla frá 18. öld svo safnaðarstjórnin taldi sér ekki fært að þiggja gjöf Samúels. Stórhuga maður eins og Samúel ákvað því að byggja sína eigin kirkju undir töfluna og skar í staðinn út kertastjaka sem hann gaf kirkjunni og eru þar enn."

Nánari upplýsingar má finna á vef safnsins: samueljonssonmuseum.jimdo.com og á Facebook.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.



# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BÍLABORG



FORD Transit Comfort, nýr bíll, dísel, 6 gírar, 18 manna. Verð 4.990.000 + vsk. Rnr.110988. Bíllinn er á staðnum.



FORD Transit L3H1 Double cab, nýr bíll, dísel, 6 gírar, 7 manna. Verð 3.990.000 + vsk. Rnr.111185. Bíllinn er á staðnum.



FORD Transit Custom, nýr bíll, dísel, sjálfskiptur, 9 manna. Verð 4.830.000 + vsk. Rnr.111196. Bíllinn er á staðnum.



FORD Transit Custom, Nýr bíll, dísel, 6 gírar, 9 manna. Verð 4.024.000. Rnr.111090. Bíllinn er á staðnum.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

Kaupi bíla 100-200 þús, staðgreitt. Uppl s:8978631

### Mótorhjól






Honda 2018 - NC750X - SJÁLFSKIPT 6 gíra - Frábært hjól ekið 900 km Verð kr. 1.600 þús. Hjá BERNHARD ehf Vatnagörðum 24-26 s. 520 1100

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




## Keypt & Selt

### Til sölu




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**




## Skemmtanir



# Heilsa

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í Kópav, með sérinng, WC, þvottah, laust strax, V. 90.000 2 mán fyrirfram. S 868 7283.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820
Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**SMIÐUR/UPPMÆLING**

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu (greitt samkv.mælingartaxta) og nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820
Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

# Fasteignir

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • www.101.is
Kristín S. Sigurðardóttir Lögg. fast.sali.

## Efstidalur 10, Bláskógabyggð




**Opið hús laugardaginn 11. ágúst milli kl. 14:00 – 17:00**
Hlýlegt, fallegt og vel við haldnu sumarhúsi sem stendur í fallegri skógi vaxinni hlíð fyrir ofan bæinn Efstadal í nálægð við fallegar gönguleiðir t.a.m. Kóngsveg. Eldhús og stofa eru samliggjandi, tvö herbergi, salerni og svefnloft. Plastparket á gólfum. Góður pallur, útihús en þar er sturta, rafmagnspottur. Lóðin er hálfur hektari og kjarri vaxin en hægt er að stækka húsið og pallinn Lokað hlið inn á svæðið. **Áhugasamir hafi samband í síma 660 0698 til að láta opna hliðið inn á svæðið. V: 15,9 millj.**

Traust og góð þjónusta í 15 ár

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

## Brekkugata 38 - Akureyri
## - Glæsileg lúxus íbúð á 3.hæð




**OPIÐ HÚS! Í dag milli kl.15:30 og 16:30**
**GLÆSILEG LÚXUS ÍBÚÐ M/BÍLSKÝLI Á EFTIRSÓTTUM STAÐ Á AKUREYRI!**
Fallegt og björt, 106,6 fm íbúð með stórum yfirbyggðum svölum í þessu vinsæla húsi, Myllan á Akureyri. Glæsilegt baðherbergi, hálf opið eldhús og stórar stofur, rúmgott svefnherbergi. Gott skápapláss er í íbúðinni. Sjón er sögu ríkari! – Ekki missa af þessari! Óskað er eftir tilboðum í íbúðina.
**Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, lögg. fasteignasali, sem verður á staðnum s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**
Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.

## Þingvellir



Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Verönd er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
- með þér alla leið -

# Tilkynningar

Grundarfjarðarbær

## Opið hús til kynningar á vinnslutillögu aðalskipulags

**Mánudaginn 13. ágúst nk. verður opið hús í Samkomuhúsi Grundarfjarðar milli kl. 18 og 21 þar sem vinnslutillaga að nýju aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar verður til sýnis og hún kynnt.**

Tillagan, sem samþykkt var af skipulags- og umhverfisnefnd og bæjarstjórn í maí sl., hefur verið til sýnis á vef skipulagsverkefnisins, www.skipulag.grundarfjordur.is síðan í lok maí sl. og legið frammi á bæjarskrifstofunni. Tillagan er vinnslutillaga og getur átt eftir að taka frekari breytingum.

Frestur er til **10. september nk.** til að senda inn ábendingar og athugasemdir við tillöguna.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér tillöguna. Nánari upplýsingar á www.grundarfjordur.is

*Skipulags- og umhverfisnefnd og bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar*

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

**Bryndís**
**GSM: 773 7400**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

STRÁ



**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

**www.stra.is**

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

#iseyskyr

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Við fögnum fjölbreytileikanum
**– gleðilega hátíð!**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Hægur vindur og léttskýjað með köflum, en í innsveitum norðaustanlands má búast við skúrum á stöku stað síðdegis. Sunnan 3-8 m/s og heldur meira skýjað á Suðvestur- og Vesturlandi. Hiti 10 til 17 stig.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 14° | 16° |
| ↖ 11 | ↖ 3 | ← 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° | 11° | 10° |
| ↓ 1 | ↖ 4 | ↑ 8 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 13° | 14° |
| ↖ 2 | ↘ 2 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 12° | 12° | 10° |
| ↑ 5 | ← 7 | ↑ 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. klæða
5. runa
6. átt
8. galgopi
10. tveir eins
11. máleining
12. hrumur
13. eining
15. sköpun
17. slanga

**LÓÐRÉTT**
1. óast
2. fold
3. sprei
4. skaprauna
7. orðaskipti
9. töluvert
12. viðskipti
14. málmur
16. tveir eins




**LÁRÉTT: 1.** hjúpa, **5.** röð, **6.** nv, **8.** æringi, **10.** ðð, **11.** orð, **12.** skar, **13.** stak, **15.** tilurð, **17.** naðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** hræðast, **2.** jörð, **3.** úði, **4.** angra, **7.** viðræða, **9.** nokkuð, **12.** sala, **14.** tin, **16.** rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Murei átti leik gegn Titenko í Moskvu árið 1961.



**Svartur á leik**

**1. ... Dc1+! 2. Dxc1 ½-½.**
Áskell Örn Kárason er í toppbaráttunni á EM öldunga í Drammen í Noregi.

**www.skak.is:** Íslendingar erlendis.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Meiri gleði, færri þrautir**
Systkinin Sigríður og Guðmundur Friðjónsbörn segja margt hafa áunnist í baráttu hinsegin fólks.



**Hef aldrei komið úr skápnum**
Ertu ekki að grínast? spurði Andrea Jónsdóttir þegar henni var tilkynnt að hún væri handhafi fálkaorðunnar.

**Hleypur gegn barnabrúðkaupum**
Nayma var gefin í hjónaband sem barn og berst gegn barnabrúðkaupum.





**Hægt að bjarga barnslífum**
Samtökin Gleym mér ei vilja bjarga barnslífum með nýju fræðsluátaki.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FJÖRÐUR

Vinalega verslunarmiðstöðin í miðbæ Hafnarfjarðar

# Útsölulok

allt á að seljast

# Götumarkaður

Suður-
lands
TRÖLLIÐ
2018



## Föstudag kl. 16:00

**Sjáðu sterkustu menn landsins keppa um Suðurlandströllið 2018**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Íslenskur
KJÚKLINGUR
á góðu verði
BÓNUS Kjúklingur
Leggir
679
kr. kg.
Bónus Kjúklingaleggir
Ferskir
ÍSLENSKT
Lambakjöt
995
kr. kg
KS Lambaskankar
Frosnir
898
kr. kg.
KS Lambabógur
Heill, frosinn
1.098
kr. kg
KS Lambalæri
Frosið
ALLTAF
NÝBAKAÐ
SAMA VERÐ
UM LAND ALLT
Baguette with
Garlic Filling
2
brauð í
pakka
139
kr. pk.
Hvítlauksbrauð
Frosin, 2 stk. í pakka
PRÓTEINBRAUÐ
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12 g kolvetni
pr. 100 g
Matarmiklar súpur
FULLELDAÐAR
Aðeins að hita
MEXÍKÓSK KJÚKLINGA SÚPA
ÍSLENSK KJÖTSÚPA
1kg
598
kr. stk.
Bónus Vínarbrauðslengja
470 g
398
kr. 400 g
Bónus Próteinbrauð
400 g
1.598
kr. 1 kg
Íslensk Kjötsúpa, 1 kg
Mexíkósk Kjúklingasúpa, 1 kg

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt




**498** kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g og 2x140 g




**129** kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka

## NÝTT Í BÓNUS




**395** kr. 149 g

**Smash Style Hamborgarakrydd**
149 g




**298** kr. 250 ml

**Smash Style Hamborgarasósa**
250 ml




**398** kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml

**500ml**




**498** kr. 500 ml

AÐEINS AÐ HITA

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml

NAUTA Veisla



**3.998** kr. kg

**Nautaveisla Nautaribeye,**
Þýskaland

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Beina ljósi að konum í mannkynssögunni

**Bréf Halldóru Guðbrandsdóttur – 1625 – tvær konur – er yfirskrift listviðburðar í Hóladómkirkju nú á sunnudaginn, 12. ágúst. Þar tvinnast saman barokk, raftónlist, texti og leikræn tjáning. Frumsýningin er liður í Hólahátíð og líka hluti fullveldisafmælishalds.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við köllum þetta tónleikhússýningu. Í aðalhlutverkum eru þær Jóhanna Halldórsdóttir altsöngkona og Þórey Sigþórsdóttir leikkona,“ segir Diljá Sigursveinsdóttir tónlistarkona um margþætta dagskrá í Hóladómkirkju á sunnudaginn sem kammerhópurinn ReykjavíkBarokk stendur fyrir.

„Efniviður dagskrárinnar er, í fyrsta lagi, stórmerkilegt bréf sem Halldóra Guðbrandsdóttir, biskupsdóttir og bústýra á Hólum, skrifaði danska kónginum 29. ágúst árið 1625 og varðveitt er á Þjóðskjalasafninu. Út frá því bréfi höfum við spunnið texta, ásamt Þóreyju sem er leikstjóri og handritshöfundur,“ segir Diljá og tekur fram að bréfið sé með elstu varðveittu undirskrift konu hér á landi.

„Halldóra á Hólum var stórbrotin kona sem lét ekki Ara í Ögri eða aðra höfðingja vaða yfir sig. Hún missti móður sína ellefu ára, var elst af sínum systkinum og virðist hafa tekið ábyrgð snemma. Hún giftist aldrei og var alltaf hægri hönd og nánasti samstarfsmaður föður síns, Guðbrands biskups Þorlákssonar.“

Guðbrandur var, eins og alþjóð veit, ekki aðeins biskup heldur einnig frumkvöðull í prentsmiðjurekstri og útgáfu. En út á hvað gekk þetta merkilega bréf dóttur hans til danskra stjórnvalda?

„Hún biður um að fá öll staðarforráð á Hólum í veikindum föður síns. Ari í Ögri sýslumaður er mágur hennar og bréfið er meðal annars skrifað til að bægja honum frá Hólastað, það er eiginlega beiðni um nálgunarbann. Henni er svarað ári síðar og hún fær uppfyllt óskir sínar, sem er merkilegt á þessum tímum. Það sem hún afrekar meðal annars í stjórnartíð sinni er að endurreisa kirkju á Hólum eftir að sú gamla fauk í aftakaveðri. Hún sendi systurson sinn til Danmerkur til að ná í kirkjuviði, byggingin tók tvö ár og það voru þó harðindaár.“

Diljá tekur fram að Steinunn Jóhannesdóttir leikkona geri Halldóru góð skil í bók sinni Heimanfylgju, sem fjallar um uppvöxt Hallgríms Péturssonar og þar eigi áhugi listafólksins á biskupsdótturinni sínar rætur.

Tónlistin sem flutt verður er að hluta til úr óperunni La Liberatione di Ruggiero dall isola di Alcina, sem ítalska kventónskáldið Francesca Caccini samdi 1625, sama ár og Halldóra á Hólum var að biðla til danskra stjórnvalda um yfirráð á Hólum, að sögn Diljár. „Sú er talin fyrsta ópera eftir kventónskáld, að minnsta kosti sem til er í handriti,“ segir hún og fræðir mig meira. „Caccini var vel menntuð kona, söngdíva, lútuleikari, ljóðskáld og ekki síst afkastamikið tónskáld. Hún fæddist inn í tónlistarfjölskyldu í Flórens, faðir hennar var Giulio Caccini, velþekkt ítalskt tónskáld en þó eru heimildir til fyrir því frá árinu 1614 að Francesca sé á þeim tíma hæst launaði tónlistarmaður ættarinnar.“

Þessar tvær merkiskonur, Halldóra og Caccini, eru sem sagt látnar kallast á í dagskránni á Hólum, hvor úr sinni áttinni. „Fyrir utan að vera samtímakonur áttu þær það sameiginlegt að feður þeirra voru þekkt mikilmenni,“ bendir Diljá á.

Þar með er ekki öll sagan sögð því einnig verða sungnir sálmar úr Grallaranum, messusöngbók Guðbrands biskups, frá árinu 1594.

Flytjendur tónlistarinnar eru ReykjavíkBarokk sem sérhæfir sig í upprunaflutningi. En einnig koma fram í sýningunni sex ungar söngkonur úr Dömukórnum Auroru. Þær hafa allar fengið sitt tónlistaruppeldi í smiðju Margrétar Pálmadóttur, söngkonu og kórstjóra, að því er Diljá upplýsir.

„Það eru margir þræðir í þessu verkefni og eitt elementið er raftónlist eftir Kristínu Lárusdóttur, sem kallar sig Sellóstínu og er í ReykjavíkBarokk. Hún spinnur eins konar raftónmyndir kringum textann,“ útskýrir Diljá og bætir við. „Við hugleiðum bréfið og hugarheim biskupsdótturinnar, svo gefur óperan okkur kvenlegan kraft frá Ítalíu og grallarasöngurinn eykur á stemninguna.“

Diljá kveðst hlakka mikið til að koma að Hólum, þar sem grafsteinar Halldóru og hennar fólks séu í kirkjugólfinu og altaristaflan sé sú sama og var bjargað úr kirkjunni sem fauk. „Það er gaman að tengjast staðnum og fá að taka þátt í að beina ljósi að konum í mannkynssögunni.“

Dagskráin sem hér er lýst er liður í Hólahátíð 11. og 12. ágúst og einnig hluti af fullveldisafmælishaldi þjóðarinnar. Hún verður frumflutt í Hóladómkirkju klukkan 11 á sunnudaginn og endurtekin í Hjallakirkju í Kópavogi á þriðjudaginn, 14. ágúst, klukkan 20.



**Diljá er fiðluleikari og fiðlukennari. Hún á líka sex strengja gömbu og byrjaði með kammerhópnum ReykjavíkBarokk sem gömbuleikari.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRSTEINN



**Á æfingu með dömukórnum Auroru, ásamt altsöngkonunni Jóhönnu Halldórsdóttur. Við hljóðfærið er Erla Rut Káradóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**ÞAÐ ERU MARGIR ÞRÆÐIR Í ÞESSU VERKEFNI OG EITT ELEMENTIÐ ER RAFTÓNLIST EFTIR KRISTÍNU LÁRUSDÓTTUR, SEM KALLAR SIG SELLÓSTÍNU OG ER Í REYKJAVÍKBAROKK. HÚN SPINNUR EINS KONAR RAFTÓNMYNDIR KRINGUM TEXTANN.**




**Bréf Halldóru Guðbrandsdóttur frá 29. ágúst 1625 er með elstu varðveittu undirskrift konu á Íslandi.**

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. ÁGÚST 2018

### Tónlist

**Hvað?** Daníel Friðrik og Megas
**Hvenær?** 21.00
